

Tæknifyrirtækið Industria

Meðal framsæknustu fyrirtækja heims



Vínframleiðandinn Gallo

Fjölskyldufyrirtæki með starfsemi um allan heim



Átak Markaðarins og Sjóvá

Örugg fyrirtæki bæta ímynd og afkomu

ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

Fylgiblað



ENGEY RE1 HB Grandi hefur selt stærsta fiskiskip íslenska fiskveiðiflotans til Samherja fyrir 2,8 milljarða króna. MARKAÐURINN/GVA

Engey seld til Samherja

HB Grandi hefur selt Engey RE 1, stærsta skip íslenska flotans, til Samherja. Kaupverð nemur jafnvirði 2,8 milljarða króna. Bókfærður hagnaður af sölunni nemur 700 milljónum króna.

Í framhaldinu hefur HB Grandi fallið frá stofnun dótturfélags í Hollandi og sölu á Engey til þess. Til stóð að gera það út á makríl, hrossamakríl, sardínu og sardínellu frá Afríku.

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, segir tilboðið gott. „Okkur leist enn betur á það en verkefnið sem við vorum með í farvatninu og breyttum kúrsinum.“

Engey er í höfn í Færeyjum og taka Samherjamenn við henni þar á morgun. - jab

Hvetur lífeyrissjóði

„Lífeyrissjóðir hafa sýnt að þeir hafa trú á fjarskipta- og upplýsingateknigeiranum. Ég vil höfða til jafnréttisábyrgðar félaga sem eru í almannaeigu og hvet lífeyrissjóðina og aðra fjárfesta til að skoða vel þann fjárfestingarkost sem Teymi er,“ sagði Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Teymis, á aðalfundi félagsins í gær.

Þórdís benti á að lífeyrissjóðirnir væru stórir fjárfestar í Símanum, helsta samkeppnisaðila Teymis. Væru efnahags- og rekstrarreikningar félaganna bornir saman væri niðurstaðan hins vegar hagstæðari Teymi. - jab

FRÉTTIR VIKUNNAR

Kaupa fasteignafélag | Kaupþing, ástralska fyrirtækið Macquarie Bank og nokkrir fjárfestingasjóðir hafa fest kaup á bandaríska fasteignafélaginu Spirit Finance í Scottsdale, Arizona.

Lægri lánshæfiseinkunn | Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur lækkað lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs. Lánshæfi bankanna er engu að síður óbreytt hjá fyrirtækinu.

Nýr sjóður | Kaupþing, lífeyrissjóðir, fjárfestingarfélag og efnadír einstaklingar hafa sett á fót fjárfestingasjóðinn Kaupþing Capital Partners II og nemur stærð hans 65,5 milljörðum króna.



Byr hagnast | Hagnaður Byrs sparissjóðs, sem er sameinaður sparissjóður SPH og SPV, var meiri en ráð var fyrir gert en hann skilaði 2.678 milljóna króna hagnaði í fyrra.

Selja bréf | Stjórn Teymis hefur ákveðið að selja ný hlutabréf í félaginu fyrir fjóra milljarða króna að söluvirði til þess að styðja við vöxt félagsins og nýta hugsanleg fjárfestingartækifæri.

Í samstarf | Landsbankinn og Wachovia Capital Finance, sem er hluti af fjórða stærsta banka Bandaríkjanna, hafa gert með sér samkomulag á sviði eignatengdra lána í Norður-Ameríku og Evrópu.

Kaupa Histogram | Drykkjarvörufyrirtækið Refresco, sem er í meirihlutaeigu FL Group, Vífilfells og Kaupþings, hefur keypt breska drykkjarvöruframleiðandann Histogram.

Tvöföldun hagnaðar | Hagnaður MP Fjárfestingarbanka var ríflega tvöfalt meiri árið 2006 en árið áður. Alls hagnaðist bankinn um 1.316 milljónir króna samanborið við 613 milljónir árið 2005.

Kaupþing lætur til skarar skríða í Storebrand

Bankinn fékk heimild til að fara með fimmtungshlut í norska fjármálafyrirtækinu og jók hlut sinn. Norska félagið fór í hæstu hæðir í gær vegna væntinga um yfirtöku.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Norsk fjármálafyrirvöld veittu Kaupþingi leyfi í gær til að eignast allt að 19,99 prósent í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand. Í Dagens Næringsliv kemur fram að Kaupþing óskaði eftir heimild að fara með allt að fjórðungshlut. Samkvæmt norskum lögum þarf leyfi fjármálafrývalda til þess að ráða meira en tíu prósentum hlutfjár í þarlandu fjármálafyrirtæki.

Stjórnendur Kaupþings biðu ekki boðanna og fóru með hlut sinn úr rúmum níu prósentum í 10,43 prósent. Eignarhlutur Kaupþings í Storebrand er metinn á 27 milljarða króna. Fimmtungsstaða hefur oft reynst áfangi við yfirtöku Kaupþings á öðrum fyrirtækjum í gegnum tíðina. Íslendingar eru atkvæðamiklir í hluthafahópi Storebrand og er talið að fjöldi fjárfesta „teiki“ Kaupþing í von um að gengið hækki og styðji þar með við hugsanleg yfirtökuáform. Fjárfestingargeta Kaupþings liggur í dag á bilinu 300-400 milljarðar króna ef félagið nýtir sér heimildir til útgáfu nýs hlutfjár og nýtir sér víkjandi lán. Storebrand er metinn á tæpa 260 milljarða.

Norska tryggingafélagið Gjensidige, sem var stærsti hluthafinn, hefur einnig fengið heimild til

að fara með fimmtungshlut og er búist við að félagið keppi við Kaupþing um Storebrand. Ríkislífeyrissjóðurinn Folketrygdfondet, sem var lengi vel stærsti hluthafinn í Storebrand, hefur minnkað hlut sinn verulega á liðnum mánuðum. Er það talið til marks um að norska ríkið muni ekki setja sig upp á móti yfirtöku annars hvors aðila.

Storebrand er að stærstum hluta í líftryggingarekstri og lífeyrissparnaði en fæst einnig við váttryggingastarfsemi, fjárfestingar og bankarekstur. Hagnaður félagsins á síðasta ári byggðist aðallega á fjárfestingastarfsemi.

Stærstu hluthafar Kaupþings hafa ekki farið leynt með skoðun sína á Storebrand. Þannig lýsti Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, hrifningu sinni á norska fyrirtækinu fyrir skemmstu. Ekki er loku fyrir það skotið að Exista komi að kaupnum, enda fellur tryggingastarfsemi Storebrands að kjarnastarfsemi Existu sem hefur einnig mikla fjárfestingargetu eins og Kaupþing. Exista fengi þá tryggingapartinn en Kaupþing bankahlutann og fjárfestingastarfsemina.

Gengi Storebrands fór í hæstu hæðir í gær í gríðarlegri veltu. Hækkaði hluturinn um tólf prósent og fór hæst í 99,4 norskar krónur á hlut eftir að Kaupþing flaggaði hlutnum.

Verðbólgu spáð í 5,3 prósent

Verðbólga eykst um 0,6 prósent milli mars og apríl gangi eftir spá greiningardeildar Kaupþings sem gefin var út í gær. Tólf mánaða verðbólga í apríl verður þá 5,3 prósent miðað við 5,9 prósent verðbólguáætlun Hagstofunnar í þessum mánuði.

Greiningardeildin segir að hækkun vísitölunnar leiði að þessu sinni hærra fasteignaverð á fatnaði og eldsneyti. Á móti komi svo lækkun á verðskrá hótela og veitingastaða.

Undirliggjandi verðbólga nú er engu að síður sögð töluvert meiri. Með undirliggjandi verðbólgu er vísað til hraða verðbreytinga þegar búið er að leiðrétta vegna

óvenjulegra þátta sem skekkt geta mælinguna. Í þessum mánuði teljast breytingar á skattalög-gjöf til slíkra þátta sem skekkja mælinguna, en í byrjun mars var virðisaukaskattur á völdum vörum færður í sjó prósent.

Raunverðbólga í þessum mánuði, þegar búið er að leiðrétta fyrir slíkum þáttum segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, að sé mjög há, eða 7,7 prósent á ársgrundvelli. „Sambærileg hækkun milli mánaða var síðast í maí í fyrra eftir að krónan hafði verið nánast í frjálsum falli,“ segir hún og bætir við að veruleg vonbrigði hafi verið hversu mikið fasteignamarkaður sé enn að

hækka. „Ein af forsendum þess að einkaneysla dragist saman er að þessum hækkunum á fasteignamarkaði linni.“

Edda Rós segir að þrátt fyrir mikla hækkun milli mánaða í síðustu mælingu Hagstofunnar geri greiningardeildin engu að síður ráð fyrir því að dragi úr verðhækkunum eftir því sem líður á árið. Hún telur því fremur ólíklegt að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti á vaxtaákvörðunardegi sínum í lok þessa mánaðar. „Við erum á þessum stað þar sem hagkerfið er við það að skipta um kúrs og mjög erfitt að tímasetja umbreytinguna. Við teljum að hún sé hafin þótt síðasta mæling hafi valdið miklum vonbrigðum.“ - óká

GOTT FÓLKIÐ ER

120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,6%*

GBP 6,2%*

USD 6,2%*

EUR 4,3%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útböðslysingar og útdráttar úr útböðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. febrúar - 28. febrúar 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	-2%	-25%
Actavis	-1%	8%
Alfesca	7%	0%
Atlantic Petroleum	-2%	11%
Atorka Group	-3%	-2%
Bakkavör	-1%	2%
FL Group	-3%	17%
Glitnir	-4%	13%
Hf. Eimskipafélagið	-5%	3%
Kaupþing	-4%	19%
Landsbankinn	-3%	20%
Marel	2%	-2%
Mosaic Fashions	-4%	1%
Straumur	-3%	14%
Össur	-2%	10%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Fiskverð ekki jafn hátt í lengri tíma

Meðalverð á fiski fór í methæðir á fiskmörkuðum landsins í síðustu viku er það fór í 192,68 krónur á kíló. Þetta er 14,5 króna hækkun á milli vikna og hefur ekki verið jafn hátt í langan tíma. Framboðið dróst lítillega saman á milli vikna en seld voru 2.013 tonn af fiski, sem er 319 tonnum minna en fyrir hálfum mánuði.

Porskur hefur tryggt sig í sessi sem söluhæsti fiskurinn það sem af er árs. Í boði voru 943 tonn sem er litlu minna en í vikunni á undan. Meðalverðið hækkaði nokkuð á milli vikna en það var 267,13 krónur á kíló samanborið

við 250,70 krónur í fyrri viku.

Ýsa var líkt og fyrri daginn í öðru sæti yfir mest seldu tegundir á fiskimörkuðum. Framboðið dróst nokkuð saman á milli vikna en 375 tonn af ýsu seldust á mörkuðunum í síðustu viku samanborið við 570 tonn í vikunni á undan. Meðalverð fyrir slægða ýsu nam 184,94 krónur á kíló og hækkaði um heilar 19,99 krónur á milli vikna. - jab

FISKI LANDAÐ Meðalverð fyrir fisk fór í 192,68 krónur á kíló á fiskmörkuðum í síðustu viku. Verðið hefur ekki verið jafn hátt í langan tíma. MARKAÐURINN/GVA



Citigroup hækkar Sampo

Finnska fjármálafyrirtækið Sampo hækkaði eftir að Citigroup mælti með kaupum á fyrirtækinu og hækkaði verðmatsgengi sitt úr 20 evrum á hlut í 24 evrum.

Hlutabréf í Sampo, sem og öðrum finnskum félögum, hækkuðu í byrjun vikunnar eftir úrslit finnsku þingkosninganna. Hægrimmenn unnu þar góðan sigur og hafa gert kröfu um sæti í næstu ríkisstjórn. Komist hægrimmenn til valda er það talið koma finnsku viðskiptalífi til góða. Exista er stærsti hluthafinn í Sampo með 15,5 prósentu hlut. - eþa

Velta í verslun minnkaði um 5,8%

Velta í dagvörverslun minnkaði um 5,8 prósent á föstu verðlagi í febrúar miðað við sama tíma í fyrra. Sé miðað við breytilegt verðlag dróst dagvörverslun saman um 2,1 prósent, samkvæmt útreikningum Rannsóknaseturs verslunarinnar á Bifröst.

Rannsóknasetrið bendir á að febrúar hafi verið síðasti mánuðurinn áður en lækkun á virðisaukaskatti og afnám vörugjalda á matvæli tók gildi um síðustu mánaðamót. Megi ætla að neytendur hafi beðið með innkaup fram yfir mánaðamótin, að sögn Rannsóknasetursins.

Vísitala fata- og skóverslana er í fyrsta sinn í útreikningunum. Einungis er birtur samanburður á milli janúar og febrúar. Velta í fataverslun dróst saman um 24,3 prósent í mánuðinum en velta í skóverslun, reiknuð á föstu verðlagi, dróst saman um 22,3 prósent á milli mánaða.

Rannsóknasetrið segir sam-



MATVARA Velta í dagvörverslun dróst saman um 5,8 prósent í febrúar. Rannsóknasetur verslunar á Bifröst segir að ætla megi að neytendur hafi beðið með innkaup fram yfir mánaðamótin þegar virðisaukaskattur á matvæli lækkaði og vörugjöld voru aflögð. MARKAÐURINN/E.ÖL

dráttinn ekki koma á óvart því janúar sé einn helsti útsölu mánuður ársins á einmitt þessum vörum. Því hafi verið mun meiri velta í janúar og febrúar auk þess sem verslunardagar voru fleiri í janúar en í næsta mánuði á eftir, einum stysta mánuði ársins. - jab

Baráttan um Merck harðnar

Indverska lyfjafyrirtækið Ranbaxy hefur dregið sig út úr samkeppninni um kaup á samheitalyfjahluta þýska lyfjafyrirtækisins Merck samkvæmt fréttavef Reuters. Orðrómur er um að lyfjafyrirtækin Stada og Barr hafi einnig verið í ferlinu en hafi nú dregið sig út. Eftir standa Actavis, ísrælska fyrirtækið Teva og bandaríska félagið Mylan, auk nokkurra öflugra fjárfestingasjóða.



Eftir að Actavis blandaði sér í baráttuna um Merck hafa erlendir greiningaraðilar keppt um að gefa út álit á félaginu. Í gær kom út ný skýrsla frá verðbréfafyrirtækinu Cazenove. Þar kemur fram að innistæða gæti verið fyrir allt að fimmtíu prósentu hækkun á gengi Actavis, hvort sem af sameiningunni verður eða ekki. - hhs

Setja sig í stellingar

Stóru sparisjóðirnir vilja sækja sér aukið fé með útgáfu stofnfjár, allt að 45 milljarða króna. SPRON hefur farið þar fremst í flokki en aðrir ætla sér að fylgja í humátt á eftir.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Fjórir af fimm stærstu sparisjóðum landsins; SPRON, Byr sparisjóður, Sparisjóðurinn í Keflavík (SpKef) og Sparisjóður Kópavogs (SPK), hafa fengið heimildir til að sækja sér aukið eigið fé til vaxtar á næstu misserum með útgáfu nýs stofnfjár. Ef miðað er við að heimildir verði nýttar að fullu eykst stofnfé sparisjóðanna um tæpa 45 milljarða króna, úr 25 milljörðum í 70. Þetta eru töluverðir fjármunir þegar haft er í huga að bókfært eigið fé alls sparisjóðakerfisins nam 38,8 milljörðum í árslok 2005.

SPRON hefur verið í fararbroddi í þessum efnunum en á síðasta ári jók sparisjóðurinn stofnfé um 14,7 milljarða króna og um tæpa 3,4 milljarða árið 2005. Á aðalfundi SPRON á dögunum veittu stofnfjäreigendur stjórn sparisjóðsins heimild til að auka stofnfé úr 9,5 milljörðum hluta að nafnvirði í fimmtán milljarða hluta. Miðað við uppreiknað nafnverð fengi SPRON 11,8 milljarða króna í kassann ef heimildin yrði nýtt að fullu. „Til þess að efla okkur þurfum við að fá inn enn frekara stofnfé með tilliti til þeirra hugmynda sem við höfum um framtíðina,“ sagði Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, í samtali við Markaðinn fyrir skemmstu.

Byr sparisjóður, sem er sameinaður sparisjóður SPV og SPH, hefur fengið heimild, sem gildir til ársins 2012, til að auka stofnfé í allt að þrjátíu milljarða króna. Horfa stjórnendur sparisjóðsins til þess að nýta fimmtung þessarar heimildar; sex milljarða

SPARISJÓÐIR Í SÓKNARHUGLEIÐINGUM

Sparisjóður	Stofnfé í byrjun árs	Stofnfé ef heimildir verða nýttar að fullu
SPRON	20.427	32.324
Byr	243	30.000
SpKef	3.747 **	5.790
SPM	5	250-350
SPK	469	2.000
Samtals	24.866	70.114

* Allar tölur í milljónum króna
** Stofnfé eftir lok útbóðs



FRÁ AÐALFUNDI BYRS SPARISJÓÐS Byr gæti fetað í fótspor SPRON, sem hefur gengið lengst í útgáfu stofnfjár á síðustu misserum. MARKAÐURINN/PIJETUR

króna, síðar á árinu. Stofnfé Byrs er í dag um 240 milljónir króna.

„Þar með er ekki sagt að öll heimildin verði nýtt en menn vilja geta gripið til stofnfjáruakningar ef áhugaverð fjárfestingartækifæri gefast, til dæmis kaup á öðru fjármálafyrirtæki,“ segir Ragnar Z. Guðjónsson, annar sparisjóðsstjóri Byrs.

SpKef hóf stofnfjárútbóð í byrjun vikunnar þar sem stefnt er á að auka eigið fé um 1.457 milljónir króna. Á síðasta ári jók sjóðurinn stofnfé um tæpan milljarð króna, annars vegar með sölu nýs stofnfjár til stofnfjäreigenda og hins vegar í tengslum við samruna sparisjóðsins við Sparisjóðinn í Ólafsvík.

Á aðalfundi sparisjóðsins í síðustu viku var samþykkt tillaga um frekari heimildir til stofnfjárútgáfu. Heimildin leyfir útgáfu stofnfjár fyrir rúma tvo milljarða króna miðað við uppreiknað stofnfé.

Stjórn SPK fékk heimild á aðalfundi fyrir skemmstu til að auka stofnfé sparisjóðsins úr 469 milljónum króna í tvo milljarða á næstu árum. Ætlunin er að nýta þá heimild að hluta til á næstu mánuðum og horfa stjórnendur sjóðsins meðal annars til aukinnar þátttöku í fjárfestingarstarfsemi. Þá hefur sveitarfélagið Borgarbyggð, eini stofnfjäreigandinn í Sparisjóði Mýrasýslu, til skoðunar að auka stofnfé um 250-350 milljónir króna á árinu. SPM er fjórði stærsti sparisjóður landsins.

	A	B	C	D	E	F
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						

€ ÞJÓNUSTA SEM SPARAR FYRIRTÆKJUM TÍMA OG PENINGA

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is

'07 70ÁR Á FLUGI

ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING? HLUINNINDI SEM FYRIRTÆKJASAMNINGUR VEITIR:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn - alla daga ársins
- Afsláttur sem býðst á fargjöldum til áfangastaða ícelandair og sérkjör á tengifargjöldum
- Sveigjanlegri fargjaldaskilmálar
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum

+ Skráðu fyrirtækið þitt núna á www.icelandair.is



WWW.ICELANDAIR.IS



Cayenne Turbo, 500 hö.

**Það eina sem athafnamaðurinn getur bætt við sig,
er meira sport.**

Nýr Porsche Cayenne.



PORSCHE

**Bílabúð
Benna**

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
www.porsche.is

HUGTAK VIKUNNAR

ÚRVALSVÍSITALAN svokallaða mælir breytingar á gengi 15 stærstu fyrirtækja á aðallista Kauphallar Íslands og er sambærileg við vísitölur sem notaðar eru til að mæla gengi fyrirtækja í kauphöllum víða um heim. Vísitalan er þannig samsett að valin eru 20 fyrirtæki af aðallista kauphallarinnar sem mest viðskipti hafa verið með í 12 mánuði. Af þeim eru svo valin 15 stærstu félögin að markaðsvirði. Saman mynda þessi félög Úrvalsvísitöluna. Samsetning vísitölnnar er endurskoðuð á hálfársfresti um áramót og fyrsta júlí ár hvert.



Skýra þurfti nánar skilyrði laga

Ráðuneyti bregst við gagnrýni á reglugerð um uppgjör í erlendri mynt.

Fjármálaráðuneytið segir að með reglugerð sem gefin var út um miðjan síðasta mánuð sé ekki verið að takmarka sjálfsákvörðunarrett fyrirtækja. Reglugerðin fjallar um veitingu heimildar til fyrirtækja til að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt.

Í nýjasta vefriti fjármálaráðuneytisins bregst ráðuneytið við opinberri umræðu að undanförunu um að fjármálaráðuneytið hafi ekki útskýrt hvers vegna umrædd reglugerð hafi verið sett.

„Samkvæmt ársreikningalögum er það meginregla að texti

ársreiknings og samstæðureiknings skuli vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum. Heimild til samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli er því undantekning frá meginreglunni og er veiting slíkrar heimildar þar af leiðandi háð því að starfsemi viðkomandi félaga uppfylli nánar tilgreind laga-skilyrði,“ segir ráðuneytið í vefritinu og bætir við að fyrst og fremst hafi knúid á um reglugerðarsetninguna að við framkvæmd laganna hefði komið í ljós að þörf væri á að skýra og útlista nánar

tiltekin ákvæði.

Ráðuneytið segir að skýra hafi þurft nánar hvað fælist í orðalaginu „meginhluti viðskipta“ færi fram í viðkomandi gjaldmiðli, en þar væri gerð krafa um að viðkomandi gjaldmiðill vægi hlutfallslega mest allra gjaldmiðla í viðskiptum félags. Þá hafi þurft að koma fram að við matið skyldi líta heildstætt til tekna, gjalda, skulda og annarra viðskiptalegra þátta í rekstri félaga.

„Í ársreikningalögum segir að ráðherra geti sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu



ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA Meðal þess sem fjármálaráðuneytið segir að þurft hafi að skýra í reglugerð um uppgjör félaga í erlendri mynt er hvernig bregðast skuli við þegar margar myntir séu notaðar í rekstri félaga.

MARKAÐURINN/VILHELM

heimildar til uppgjors í erlendum gjaldmiðli. Með umræddri reglugerð hafa ekki verið sett ný skilyrði, heldur hafa lögbundin skilyrði verið skýrð nánar að því leyti sem þörf var talin á.“ - óká

Icelandair verði áfram rekstrarfélag

Félagið stendur nærri upplausnarvirði.

Finnur Ingólfsson, stjórnarformaður Icelandair Group, segir að það standi ekki til að breyta félaginu í alhliða fjárfestingafélag sem nýti sér öflugt sjóðsstreymi til fjárfestinga, til dæmis í fjármálafyrirtækjum. Verðþróun á hlutabréfamarkaði kunnir að hafa vakið áhuga fjárfesta á slíku.

„Við sem komum upphaflega að kaupnum á félaginu teljum það einmitt styrk að vera fjárfestar í margþættu framleiðslu- og þjónustufyrirtæki á afmörkuðu sviði eins og Icelandair Group er. Það muni strax og í framtíðinni skila eigendum góðum arði af fjárfestingunni. Það vantar að mínu mati fleiri slík fyrirtæki á markaðinn, fyrirtæki sem byggja fyrst og fremst á rekstri og atvinnuskapandi uppbyggingu,“ sagði Finnur á aðalfundi Icelandair Group í síðustu viku.



FINNUR INGÓLFSSON OG JÓN KARL ÓLAFSSON FORSTJÓRI Ekki stendur til að nýta lausafjárstreymi til að breyta Icelandair Group í fjárfestingafélag. MARKAÐURINN/PIETUR

Á fundinum kom fram að stefnt sé að greiða út þriðjung hagnaðar hvers árs í arð til hluthafa.

Icelandair er rétt undir útboðsgenginu í desember sem hljóðaði upp á 27 krónur á hlut. Félagið stendur nærri upplausnarvirði. Markaðsvirði þess var 26,9 milljarðar eftir lokun markaða á mánudaginn en bókfært eigið fé nam tæpum 26 milljörðum í árslok. - eþa

Samkaup vilja sækja inn á höfuðborgarsvæðið

Velta félagsins var yfir 11 milljarðar í fyrra. Við opnun verslunar í Kópavogi hafði aðeins verslunarstjórinn verið ráðinn. Lýsandi dæmi um vinnumarkaðinn segir framkvæmdastjóri.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

Samkaup skiluðu 125 milljóna króna hagnaði í fyrra samanborið við 38 milljónir króna árið áður. Velta félagsins nam 11,3 milljörðum króna sem var um tólf prósent aukning. Fyrirtækið, sem er að stærstum hluta í eigu Kaupfélags Suðurnesja, hefur aldrei verið rekið með tapi.

„Við erum þökkalega sáttir með þessa niðurstöðu miðað við stöðu á markaði sem hefur einkennst af harðri samkeppni,“ segir Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Samkaupa. Hann segir að rekstur félagsins á síðustu tveimur árum markist af verðstríði en býst við betri afkomu í ár. Ákveðins taugatrings hafi gætt á matvörumarkaði vegna lækkana á virðisaukaskatti en smásalar hafa ekki náð að yta nýlegum verðhækkunum frá birgjum út í verðlagið.

Samkvæmt útreikningum Samkaupa er markaðshlutdeild fyrirtækisins um sautján prósent á matvörumarkaði á móti fimmtungshlut Kaupáss og ríflega helmingshlutdeild Haga. „Við höfum verið að sækja hlutdeild hraðar en sem nemur vexti markaðarins. Það er svo sem enginn draumur hjá okkur að vera stærstir. Það sem hefur einkennt rekstur Samkaupa í gegnum tíðina er að við höfum verið með góðan og hagkvæman rekstur.“



HÖFUÐSTÖÐVAR SAMKAUPA Í REYKJANESBÆ

Samkaup reka fjörutú verslanir, einkum á landsbyggðinni, undir merkjum Samkaup strax, Samkaup úrval, Nettó, Kaskó og Hyrnnar í Borgarnesi. Hagar og Kaupás hafa verið að færa út kvíarnar út á land en Sturla segir að Samkaupsmenn hafi fullan hug á því að keppa við þá meira í Reykjavík. Í síðustu viku opnuðu Samkaup nýja verslun í Búðakór í Kópavogi. Um mánadámótin næstu tekur fyrirtækið við rekstri verslunar í Búðardal og í byrjun mars opnaði Nettó á Hornafirði.

Samkaup keyptu 80 prósent eignarhlut Kaupáss í innflutningsfyrirtækinu Búri fyrr á árinu. Búr hefur nú eingöngu undir höndum innflutning á

ávöxtum og grænmeti eftir að þurrvörubátturinn var tekinn út úr rekstri félagsins og settur inn í nýja innkaupadeild innan Samkaupa. Sigurður Á. Sigurðsson, sem var framkvæmdastjóri Búrs, er orðinn innkaupastjóri Samkaupa.

Sturla segir að Samkaup fari ekki varhluta af mikilli þenslu á vinnumarkaði og reiknar með að erfitt verði að manna verslanir fyrirtækisins í sumar. „Við bregðumst líklega við því að leita fyrir okkur að fólki erlendis. Þegar við opnuðum verslunina í Búðakór var staðan þannig að búið var að ráða verslunarstjórnann en engan starfsmann. Þetta er lýsandi dæmi um stöðuna á markaði.“

Mælt með Marel

Landsbankinn býst við frekari yfirtökum í ár.

Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum í Marel, samkvæmt nýútkominni verðmatsgreiningu, og ráðleggur fjárfestum að yfirvega bréf félagsins í vel dreifðu innlendu hlutabréfasafni. Verðmatið hljóðar upp á 87,1 krónu á hlut og 97,5 krónur miðað við tólf mánaða markgengi. Hluturinn í Marel stóð í 76 krónum í gær.

Í skýrslunni er bent á að Marel hafi tvöfaldað stærð sína á síðasta ári með nokkrum yfirtökum og náð þannig lykilstöðu sem framleiðandi búnaðar fyrir matvælaíðnaðinn. Hins vegar hafi þessi vöxtur ekki verið verkja-



LÍ MÆLIR MEÐ KAUPUM Í MAREL Á myndinni spjalla þeir Árne Oddur Þórðarson og Hörður Arnarson saman.

laus sem birtist í hækkandi kostnaði, lækkandi framlegð og minni hagnaði. Þetta muni hins vegar breytast á komandi misserum. Bent er á að félagið sé vel fjármagnað og býst Landsbankinn við að Marel ráðist í frekari fyrirtækjakaup á þessu ári. - eþa

LÍTUR VEL ÚT
SANTAFE

Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jeplinga

Hyundai kynnr nýja kynslóð stærri sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Pitt er valið.

Verð frá kr. 3.740.000

Hlaðinn staðalbúnaði
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

HYUNDAI hefur gæðin



HP Á HEIMSINS STÆRSTA AÐDÁENDAKLÚBB!

100 MILLJÓNIR LASERJET PRENTARA HAFA TRYGGT STÓRA
OG SMÁA SIGRA Á SKRIFSTOFUGÖNGUM UM ALLAN HEIM!

Það eru margar góðar ástæður fyrir brosum á andlitum HP LaserJet notenda. Ein af þeim er sú að þeir vita að þeir geta stólað á prentarann. Í 23 ár hefur HP sett viðmiðið í rekstaröryggi, nýsköpun, þjónustu og notendavænleika. Í stuttu máli sagt hefur HP verið í forystu í prentaratækni sem tryggir að viðskiptavinir okkar fá sem besta nýtingu út úr prenturum og sem mest fyrir peninginn. Kynntu þér einstaka eiginleika HP LaserJet prentaranna og mismunandi kosti þess að vera með hágæðaprentara á skrifstofunni þinni. Farðu inn á www.ok.is/HPklubbur strax í dag. Við erum viss um að þú verður fyrr en varir orðinn hluti af heimsins stærsta aðdáendaklúbbi.

NÚ ERU VALDIR HP LASERJET PRENTARAR Á TILBOÐSVERÐI



Farðu inn á www.ok.is/HPklubbur
og kynntu þér einstaka HP LaserJet prentara

OPIN KERFI



Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 23. mars 2007 í matsal HB Granda við Norðurgarð, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 17:00.

Dagskrá.

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykktu félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund. Ennfremur er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins, www.hbgrandi.is.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, þarf skrifleg beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn HB Granda hf.

Tchenguiz eykur við sig í Sainsbury

Dótturfélag kaupsýslumannsins Roberts Tchenguiz hefur aukið við hlut sinn í bresku verslanakeðjunni Sainsbury og fer það nú með rétt rúm fjögur prósent í þessari þriðju stærstu matvöruverslanakeðju Bretlands. Fyrir átti félagið 3,47 prósent hlut.

Spennan hefur aukist um yfirtöku á keðjunni en hópur fjárfesta sem hug hefur á keðjunni hefur um mánuð til að leggja fram tilboð. En fleiri fjárfestar hafa þreifað á keðjunni þótt ekki sé vitað um næstu skref þeirra. Þar á ferðinni eru bandarísku fjárfestingasjóðirnir Bain Capital, Apollo Management og

Vornado Realty Trust og reiknað er með að þeir leggi fram tilboð í sameiningu.

CVC-hópurinn hefur farið lengst með málið allra sjóða en þeir funduðu með einum af stjórnarmönnum Sainsbury um helgina. Er talið að þeir muni leggja fram 11 milljarða punda boð, jafnvirði 1.436 milljarða króna, hið minnsta.

Gengi bréfa í Sainsbury hefur hækkað mikið vegna áhuga fjárfesta á matvörukeðjunni og stendur það í kringum 556 pens á hlut. Til samanburðar er gert ráð fyrir að tilboð CVC hljóði upp á 550 pens á hlut.



EIN AF VERSLUNUM SAINSBURY Margir fjárfestahópar eru sagðir hafa skoðað möguleikana sem felast í Sainsbury-keðjunni. Reiknað er með að tilboð verði lagt fram í þessa þriðju stærstu matvörukeðju Bretlands innan mánaðar. MARKAÐURINN/AFP

Vilja lög um starfsemi fjárfestingasjóða

Fjárfestingasjóðir sæta harðri gagnrýni í Evrópu. Verkalýðsfélög krefjast þess að lög verði sett um sjóðina.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Fjárfestingasjóðir víða um heim hafa verið harðlega gagnrýndir í heimspressunni síðustu vikurnar. Fjárfestingasjóðirnir eru sagðir virða starfsmenn fyrirtækja sem þeir taka yfir að vettugi og hafa einungis hug á að hámarka hagnað sinn með sölu eigna þess. Verkalýðsfélög í Evrópu hafa tekið höndum saman eina ferðina enn og þrýsta á Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) að hún bregðist við og setji lög um starfsemi fjárfestingasjóða.

Umfang fjárfestingasjóða hefur aukist mjög á síðustu árum í Evrópu en sjóðirnir vörðu um 118 milljörðum punda, jafnvirði tæpra 15.600 milljarða íslenskra króna, í yfirtöku á síðasta ári. Það er heilu 41 prósent meira en árið á undan.

Bretar hafa ekki farið varhluta af starfsemi fjárfestingasjóða og er skemmst að minnast baráttu þeirra við að kaupa matvörukeðjuna Sainsbury, þriðju stærstu verslanakeðju Bretlands. Kapphlaupið hefur verið einkar hagstætt fyrir hluthafa enda hefur gengi hlutabréfa í matvörukeðjunni hækkað mikið. En óvissa hefur skapast um framtíð keðjunnar, ekki síst fyrir starfsfólkið sem óar við því að fjárfestingasjóðir komist yfir hana því lenska þeirra er að segja upp starfsfólki og hagræða í rekstrinum þar sem þeir sjá möguleika til þess. Breska pressan, jafnt dagblöð sem vikublöð og netmiðlar hafa fjallað ítarlega um sjóðina, eðli þeirra og tilgang auk þess sem farið hefur verið yfir bakgrunn þeirra.

Verkalýðsfélög víða í Evrópu munu á næstu dögum funda í París í Frakklandi og er horft til þess að í kjölfar fundarins verði hafin rannsókn á starfsemi fjárfestingasjóða í álfunni.

Helsta umkvörtunarefni verkalýðsfélaganna eru skuldsettar yfirtökur fjárfestingasjóðanna á fyrirtækjum sem hefur orðið til þess að sjóðirnir hafa hagrætt mikið í rekstri til að ná fram hagnaði og fjármagna lántökur. Forsvarsmenn fjárfestingasjóða segja á móti, að þegar þeir komi inn í



SKRIFAÐ UNDIR KAUP Geert Duyck, framkvæmdastjóri fjárfestingasjóðsins CVC Capital Partners í Niðurlöndum, (lengst til hægri) skrifar undir kaup á helmingshlut í belgísku pósthjónustunni í október árið 2005. Ásamt honum eru á myndinni Johnny Thijs, forstjóri Póstsins, og Guy Verhofstadt, forsætisráðherra Belgíu. MARKAÐURINN/AFP

fyrirtæki aukist samkeppnishæfni þeirra sem leiði af sér aukið starfsöryggi fyrir starfsmenn fyrirtækja.

Verkalýðsforkólfar beina sjónum sérstaklega að hagræðingu í rekstri breska ökutækja- og tryggingafélagsins AA. Alþjóðlegu fjárfestingafélögin CVC Capital Partners og Permira tóku yfir rekstur AA um mitt ár 2004 og greiddu 1,75 milljarða punda, jafnvirði um 230 milljarða íslenskra króna. Permira hefur gripið til ýmissa hagræðingaráforma, þar á meðal sagt upp 3.500 starfsmönnum. Það jafngildir um þriðjungi af starfslíði AA.


Verkalýðsfélög í Bretlandi segja að með þessari stífu hagræðingu beri sjóðirnir einungis eigin hag fyrir brjósti því með athæfinu geti þeir greitt sjálfum sér vel útilátnar arðgreiðslur. Upphæðin 500 milljarðar punda, jafnvirði 65,5 milljarða króna, hefur verið rædd sem hugsanleg arðgreiðsla.

„Eina stefna fjárfestingasjóða er hagnaður og meiri hagnaður,“ sagði Paul Maloney, einn af forkólfum breska verkalýðsfélagsins GMB, í samtali við breska ríkisútvarpið um helgina.

EINFALT OG FLJÓTLEGT AÐ KAUPA PRENTVERK

Verð á yfir 1000 prentlausnum!

PRENTLAUSNIR 2007



Prentsmiðjan Oddi ehf. • Höfðabakka 3-7 • 110 Reykjavík • Sími 515 5000 • Pantaðu eintak á www.odd.is





Dell Precision sameinar allt það sem kröfuhörðustu notendurnir á fyrirtækjamarkaði þurfa. Hún hefur skjá kort sem ræður við mjög öflugna vinnslu og mikla upplausn. Precision stenst prófanir hugbúnaðarframleiðenda og hefur staðfesta getu til að keyra t.d. AutoCad hugbúnað. Einstaklega öflug vél fyrir þá sem vilja það kraftmesta sem í boði er.



FARTÖLVA FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐUSTU

PRECISION M65 FARTÖLVA MEÐ NVIDIA QUADRO SKJÁKORTI

- ▶ Intel Core 2 Duo örgjörvi T7400
- ▶ 2,16GHz 4MB L2 cache 667MHz FSB
- ▶ 2GB 667MHz DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- ▶ 15,4" WUXGA TFT DellSharp skjár (1920 x 1200)
- ▶ 256MB nVidia Quadro FX350m skjá kort
- ▶ 100GB SATA (7.200 rpm) harður diskur
- ▶ 8X DVD+/-RW DVD skrifari double-layer
- ▶ 10/100/1000 netkort & 56k v.92 mótaald
- ▶ Intel Pro 3945 þráðlaust netkort (802,11a/g)
- ▶ Dell Wireless 350 BlueTooth
- ▶ Íslenskt lyklaborð og Dual Point mús
- ▶ Biometric UPEK fingrafaralesari
- ▶ 280-pinna tengi fyrir D/Dock & D/Port
- ▶ 4x USB 2,0, IEEE 1394, VGA, Serial, infrared port,
- ▶ headphone/ speaker out, RJ-11, RJ-45
- ▶ 9cell 85WHr Li-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
- ▶ MediaBay Li-Ion 48WHr fyrir Dual battery stuðning
- ▶ 90W standard D/Family AC Adapter
- ▶ Windows XP Professional SP2
- ▶ 35,3 mm x 361 mm x 262,6 mm (H x B x D)
- ▶ Þyngd frá 2,81kg
- ▶ 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Staðgreiðsluverð: 289.900 kr.

Það er til lausn á öllu

Opið 9-18 alla virka daga og 10-16 á laugardögum

www.ejs.is // Grensásveg 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



Starfa reynslunni ríkari í tærum sjó

Tæknifyrirtækið Industria sem vakið hefur heimsathygli fyrir hugbúnaðarlausnir sínar hefur vaxið hratt síðustu ár og hyggur á enn frekari vöxt og útrás á nýja markaði. Óli Kristján Ármannsson ræddi við Guðjón Má Guðjónsson, stofnanda og framkvæmdastjóra fyrirtækisins, um stöðu þess og framtíð.

Industria hlaut nýverið útnefningu viðskiptatimaritsins CNBC Europe sem eitt af fimmtíu framsæknustu fyrirtækjum Evrópu. Fyrirtækið var þar meðal fjögurra annarra í flokki upplýsingatæknifyrirtækja. Af þeim viðurkenningum sem fyrirtækið hefur fengið segir Guðjón Már Guðjónsson framkvæmdastjóri einna stoltastur af þessari, enda sé hún veitt fyrir nýsköpun. „Við höfum markað okkur þann sess í samkeppni við önnur fyrirtæki af svipuðum toga að búa okkur til markaði með nýjungum og þjónustu. Þannig náum við að starfa og eflast í tærum sjó, fremur en að berjast við marga um hituna í gruggugum sjó.“ Með þessu segir Guðjón að Industria hafi getað verið skrefinu á undan samkeppninni í umhverfi þar sem tekjumyndun sé hagstæðari.

Með þetta að leiðarljósi hefur Industria tekist að búa til hágæðahugbúnaðarlausn fyrir stafrænt sjónvarp og tekist í opnum útboðum á evrópska efnahagssvæðinu á við risa á borð við Siemens og haft betur. Í umsógn dómnefndar CNBC Europe segir enda að fyrirtækið gæti reynst eitt það mikilvægasta í samruna sjónvarps og stafrænna miðla í Evrópu. „Þetta gefur okkur góðan byr í seglin. Þótt við séum aðeins um 140 manna fyrirtæki og þar með í smærra lagi á þessum markaði, höfum við náð að fíkra okkur áfram í samkeppni við risana,“ segir Guðjón og bætir við að hafi fyrirtæki ekki að bjóða stór og þekkt vörumerki á borð við Siemens eða Ericsson, þá verði þau að hafa að bjóða mestu gæði og besta verð. „Það höfum við lagt mikla áherslu á.“

TEKJURNAR MESTAR Í ÚTLÖNDUM

Auk þess að búa til og selja hugbúnaðarlausnir fyrir gagnaflutninga stafræns sjónvarps undir merkjum Signal býður Industria fyrirtækjum og heimilum þjónustu við ljósleiðaravæðingu og uppþæslu fjarskiptabúnaðar. Þá tók Industria að sér að setja hér upp þriðju kynslóðar farsímanet fyrir fjarskiptafyrirtækið Nova. „Ef starfsemi okkar er líkt við ísjaka þá er sýnilegi hlutinn sem upp úr stendur Signal-hugbúnaðurinn. Meginþorri starfseminnar sem er í kafi og ekki eins sýnilegur er svo öll þessi þjónusta. Þar má segja að sé grunnurinn sem Industria hefur á að byggja og tryggir okkur tekjur til frekari framþróunar,“ segir Guðjón Már. Industria hefur þannig tekið að sér verkefni sem snúa að því að byggja upp tæknilega innviði fyrirtækja til þess að gera alla nýmiðlun gagna mögulega. „Hér á landi og víðar, svo sem á Írlandi, höfum við hjálpað til við að byggja upp þau kerfi sem ráða við sýn okkar um gagnamiðlun. Hér á landi þarf að ljósleiðaravæða

og uppfæra fjarskiptakerfi og fleira slíkt.“ Guðjón segir tekjur Industria fyrst og fremst verða til utan landsteinanna, en tæknipjónustan spili þar, líkt og hér, stærsta hlutverkið enn sem komið er. „Við erum með innan við 15 prósent af okkar tekjum héðan.“

Rekstur Industria hefur gengið vel segir Guðjón og telur fyrirtækið þar njóta góðs af fyrri reynslu aðstandenda úr upplýsingatæknigeiranum. Sjálfur var Guðjón áberandi með fyrirtækið OZ á árum áður. „Við höfum náð að auka hagnað um 50 prósent síðustu þrjú ár og höfum verið með reksturinn í hagnaði frá upphafi,“ segir hann og bætir við að frá upphafi hafi mikið púður verið lagt í að skilgreina alla verkferla. „Þegar ég stofnaði Industria var ég alltaf með tvö þúsund manna fyrirtæki í huganum. Nafnið Industria átti líka að endurspeglja þá hugsun út á við þegar við vorum bara fimmtán manna félag að gera okkar fyrstu samninga.“

Með því að staðla vöru og þjónustu sem fyrirtækið býður segir Guðjón að tekist hafi að auka bæði hagkvæmni og skilvirkni. Hluti af þeim lausnum sem Industria býður erlendis er ljósleiðaravæðing heimilanna, markaðssett undir heitinu „Digital Living“. „Við höfum selt 45.000 slíkar einingar, þar sem hver eining er tengt hús. Af þeim samningum höfum við þegar afhent 7.000 einingar. Markmið okkar í Evrópu næstu tvö ár er að ná sölunni þarna upp í 200.000 einingar. Nú þegar erum við með undirritaða samninga upp á rétt rúma fjóra milljarða hvað varðar sölu á þessum einingum og það gefur okkur vissulega sterka föfestu með okkar rekstur og tryggt tekjustreymi. Markmiðið er svo að ná fram aukinni hagræðingu, sveigjanleika og hraða í afhendingu á þessari lausn.“



FRAMTÍÐIN ER BJÖRT Ljósleiðaratækni og annar sendimáti internetsins er leikvöllur hátæknifyrirtækisins Industria. Framkvæmdastjórinn, Guðjón Már Guðjónsson, áður kenndur við OZ, er stoltur af fyrirtæki sínu sem stendur undir sér og hyggur á frekari landvinninga með Signal-hugbúnaðinum fyrir stafrænar gagnvirkar sjónvarpsendingar. MARKAÐURINN/GVA



GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON Guðjón segir stefnt að hraða enn á vexti fyrirtækisins sem á örfáum árum hefur farið úr því að vera með fimmtán starfsmenn í að vera með 140. Markið er hins vegar sett á tvö þúsund manns. MARKAÐURINN/GVA

INTERNET-STAÐLAR RÁÐA

Í upphafi reksturs kynnti Industria framtíðarsýn sína á tæknipróun í heiminum og hvar fyrirtækið ætlaði sér að starfa í þeirri framtíð. Að sögn Guðjóns byggir fyrirtækið þannig á þeim samruna sem er að verða á sviði afþreyingar og fjarskipta þar sem gagnamiðlun færir yfir á internetið frá gervihnatta- eða öðrum útvarps- og sjónvarpsendingum, svo sem um örbylgju.

„Breytingarnar eru einhverjar þær mestu í þessum iðnaði áratugum saman. Fyrirtæki á afþreyingarmarkaði og aftur á fjarskiptamarkaði eru víðast hvar að endurhugsa þessi viðskiptamódel hvað varðar bæði tekjuöflun og miðlun á efninu.“ Þessa þróun segir Guðjón að hafi fyrst mátt sjá í innkomu Apple á tónlistarmarkað þar sem tónlist er dreift yfir internetið og fólk notar í tölvum sínum og tónlistarspilurum. „Nýjar hljóm-sveitir selja tónlist á netinu, svo er MySpace og öll þessi bylting tengd tónlistinni. Okkar staða hjá Industria er meira tengd miðlun sjónvarpssefnis. Sýn okkar hefur ávallt verið að þessi miðlun færir til sjó árin þar sem miðlunin færir yfir á internetið og þá staðla sem þar eru notaðir,“ segir Guðjón og bætir við að Industria hafi unnið markvisst að því að verða sterkt lausnaryrirtæki á þessum markaði.

„Í dag hefur iðnaðurinn sætt sig við að taka upp internetstaðla til að miðla efninu og töluverð bylting í því hvað varðar endurskipulag dreifinetsins.“

Guðjón segir sjónvarpsstöðvum dýrt að halda uppi gervihnattanetum og því mikil hagræðing í því fyrir þá sem eiga efni til að miðla að spara sér kostnað í burðarinetinu með því að nýta sér tækni internetsins. Þá segir Guðjón margvíslegan annan virðisauka fólgin í því að nota gagnvirkni internetsins. Þannig geti auglýsendur búið til verðmætari og hnitmiðaðri auglýsingar. „Þannig ættu tekjur fyrirtækja ekki að verða minni um leið og þau spara með nýrri miðlunarleið.“

ÆTLA AÐ HRAÐA VEXTI

Frá stofnun, fyrir um fjórum árum, hefur Industria vaxið hröðum skrefum, starfsmannafjöldinn tífaldast og fyrirtækið nú með skrifstofur víða um heim. Höfuðstöðvarnar eru hér, en svo er starfsstöð í Dyflinni á Írlandi, ein í Lundúnum, önnur í Sofíu í Búlgaríu og svo nýjasta skrifstofan í Shenzen skammt frá Hong Kong í Kína.

„Varðandi Kína og Búlgaríu, svona fyrir utan hversu mikil tækifæri er þar að finna og vöxt í mörkuðum, þá byggðum við þær skrifstofur upp sem þróunarstöðvar þar sem við höfum aðgang að mjög færri vinnuafli og getum í leiðinni aukið hagkvæmni í rekstri.“ Þetta segir hann líð í því að hafa góð tök á kostnaðarmyndun í fyrirtækinu, enda nauðsynlegt þegar slagurinn sé tekinn við risafyrirtæki upplýsingatækni- og fjarskiptaiðnaðarins í heiminum. Engu að síður segir Guðjón að fyrirtækið finni fyrir áhuga á vörum þess í Kína og að óformlegar viðræður standi yfir um afnotarétt og dreifingu við mjög stóra aðila á Kínemarkaði. „Þetta er svo sem spennandi, en engar

sérstakar væntingar hjá okkur um niðurstöðu í þessum þreifingum og hvergi gert ráð fyrir sölu og dreifingu á Kínemarkaði í okkar markaðsáætlunum. Að minnsta kosti ekki ennþá.“

Guðjón segir engu að síður að fyrirséður sé aukinn og hraðari vöxtur fyrirtækisins. „Við sjáum fyrir okkur á þessu, eða hugsanlega næsta ári, Bandaríkjamarkað sem vænlegt næsta skref fyrir okkur. Bæði er það vegna menningar- og svæðis og svo eins út af almennum vexti á því svæði.“ Guðjón segir Industria hafa á frábærum grunni að byggja með heilbrigðan rekstur í hagnaði og engar þungar lánabyrðar að standa undir. „Miðað við árangur okkar í dag á tiltölulega skömmum tíma teljum við okkur vera búin að sanna að módelið gangi upp og eigi fullt erindi inn á fleiri og stærri markaðssvæði.“ Hluti af þeirri framsókn segir Guðjón að kunni að felast í því að kaupa smærra fyrirtæki í skyldum rekstri og laga að Industria. Þetta segir hann að gæti gerst á næsta ári. Aðspurður útilokar hann ekki að aukinn hraði í vexti og sókn á stærri markaðssvæði kunni að kalla á aðkomu fjárfesta og þá jafnvel skráningu á markað þegar fram í sækir, en fullsnemmt sé að spá fyrir um það núna. „Þetta eru hlutir sem stjórn og stjórnendur félagsins ígrunda stöðugt, en miðað við núverandi samninga er ekkert aðkallandi á því sviðinu,“ segir Guðjón og telur ákveðið aðhald í rekstrinum fólgið í því að fyrirtækið standi undir sér sjálft án þess að til þurfi að koma utanaðkomandi fjármagn. Svo verði bara að koma í ljós hvernær Industria nær því marki að verða tvö þúsund manna fyrirtæki. „Vonandi næst það bara sem fyrst.“



NETVISION

Miðlaðu á markvissan hátt með Netvision

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 30 daga á www.mentis.is

MICROSOFT CERTIFIED PARTNER



LONDON



NEW YORK



TOKYO



BIFRÖST

Alþjóðlegt meistaranám í bankastarfsemi, fjármálum og viðskiptum

Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst býður upp á tvær línur í alþjóðlegu meistaranámi. Kennarar koma frá erlendum háskólum, innlendum sem erlendum fjármálafræðingum og Háskólanum á Bifröst.

Meistaranám í alþjóðlegri bankastarfsemi og fjármálum – International Banking and Finance

Námið höfðar til þeirra sem starfa eða hafa áhuga á að starfa í alþjóðlegu banka- og fjármálaumhverfi. Lögð er áhersla á að nemendur geti að námi loknu tekist á við flókin stjórnunar- og sérfræðistörf á sviði alþjóðlegrar banka- og fjármálastarfsemi. Boðið verður upp á námsferð til New York.

Meistaranám í alþjóðlegum viðskiptum – International Business

Námið er góður undirbúningur fyrir stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja sem stunda alþjóðleg viðskipti. Námið mætir vaxandi þörf í samfélaginu fyrir vel menntað fólk með þekkingu á alþjóðlegum viðskiptum. Námið er meðal annars skipulagt í samvinnu við kennara frá Copenhagen Business School.

Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Fjölskyldufyrirtæki með starfs

Bandaríski vínframleiðandinn Gallo er með þeim umsvifamestu í heimi og framleiðir bæði undir eigin merkjum og Kristján Ármannsson kynnti sér fyrirtækið og ræddi við bæði Nicolas Jones, markaðsstjóra þess á Norðurlöndum, og því að vera rómantísk. „Víngerð er það hvar sem er í heiminum. Rómantíkin kemur inn í myndina þegar vinsins er

Gallo er eitt af þekktustu og umsvifamestu vínfyrirtækjum heims. Fyrirtækið var stofnað eftir afnámi vínbanns í Bandaríkjunum árið 1933 af bræðrunum Ernest og Julio Gallo. Sérstaða fyrirtækisins meðal vínframleiðenda felst ekki síst í að áherslan hefur alla tíð verið á að vöxt og viðgang með viðskiptasjónarmið að leiðarljósi. Segja má að árangur Gallo í samkeppni við aðra framleiðendur sé afsprengi innri samkeppni í fyrirtækinu sem þar hefur verið við lýði allt frá stofnun.

Julio Gallo sá um víngerðina og Ernest Gallo um markaðshliðina. Milli bræðranna var metingur og sagðist Julio ávallt geta framleitt meira vín en hinn gæti selt. Ernest sagðist á móti geta selt meira en hinn gæti framleitt. Þessi slagur hefur viðhaldist. Báðir þeir bræður eru nú fallnir frá, Julio lést í bílslysi árið 1993 og Ernest í byrjun þessa mánaðar. Sonur Ernests tók við rekstrinum fyrir allnokkru en alls starfa um fimmtán afkomendur þeirra bræðra um þessar mundir hjá vinsamstæðunni. „Og það merki-lega er að þeir skiptast í deildir eftir sömu línunum og lagðar voru í upphafi hjá þeim bræðrum. Afkomendur Julios starfa við framleiðsluna en afkomendur Ernests starfa á markaðssviðinu,“ segir Nicolas Jones, svæðisstjóri

Gallo á Norðurlöndum. Áhersla Gallo hefur alltaf verið á að framleiða gæðavin í magni á viðráðanlegu verði. Á áttunda áratugnum bættist svo einnig við framleiðsla hágæðavína og segir Nicolas að þarna styðji hvað annað. „Þegar fólk hefur lært að drekka vín og hefur smitast af bakteríunni, þá viljum við líka verða fyrsta val þegar kemur að úrvalsvíni.“

Nicolas segir að utan Bandaríkjanna sé Bretland helsta markaðssvæði Gallo vína. „Gallo er hins vegar með framleiðslu sína til sölu í níutíu löndum. Þá hefur verið komið á fót sölu-skrifstofum í fjórum löndum, fyrir utan höfuðstöðvarnar í Modesto í Kaliforníu og skrifstofu fyrirtækisins í Miami í Bandaríkjunum. Skrifstofurnar eru í Toronto í Kanada, í Lundúnum, í Frankfurt í Þýskalandi, í Tokýó í Japan.“ Hann segir markmið fyrirtækisins að vera leiðandi framleiðandi

og umboðsaðili nýjaheimsvína um heim allan. Þannig sé Gallo ekki bara með framleiðslu í Bandaríkjunum, heldur hafi einnig keypt vín-



NICOLAS JONES „Viðskiptahlíðin hefur alltaf verið í forgrunni í starfsemi og vexti Gallo,“ segir Nicolas Jones, markaðsstjóri Gallo á Norðurlöndum. Hann segir fyrirtækið engu að síður íhaldssamt og varkært í útrás sinni. Ástæða þess sé að þrátt fyrir að vera fjölbjóðlegt risafyrirtæki ráði enn ferðinni andi fjölskyldufyrirtækisins þar sem hagar komandi kynslóða sé hafður í fyrirrúmi.

MARKAÐURINN/VALLI

gerðir í Ástralíu og í Chíle.

„Ferlið er þá þannig að við tökum höndum saman með framleiðandanum sem við kaupum. Gott dæmi er McWilliams-vínframleiðslan ástralska. Við höfum engan áhuga á því að umbreyta þeim framleiðendum sem við kaupum heldur erum við fremur að leita að samstarfsaðilum.“ Vín frá Gallo eru seld í 23 löndum Evrópu en Evrópa er enn sem komið er helsti útflutningsmarkaður fyrirtækisins. Starfsemin er umfangsmikil, en á heimsvísu starfa um 4.600 manns hjá Gallo. Fyrirtækið framleiðir um 80 milljónir kassa af víni á ári hverju að því áætlað er. Það eru nokkuð margar flöskur, því í kassanum eru 12 flöskur. Ársframleiðslan er því rétt undir milljarði flaskna. Undir merkjum Gallo segir Nicol-

as Jones hins vegar framleidda 12 milljónir kassa árlega og að um fimmtungur fari til útflutnings meðan afgangurinn sé seldur innan Bandaríkjanna.

„Við höfum heldur haldið að okkur höndum þegar kemur að útrás til Austurblokkarinnar,“ segir Nicolas og vísar til þess að á heimsvísu á áttunda áratugum Gallo er áberandi gloppa þegar kemur að Rússlandi og fyrrum Sovétríkjum. „Við höfum ekki viljað hefja markaðssókn þar fyrr en við erum vissir um að aðstæður eru réttar og við getum tekist á við verkefnið af fullum þunga.“ Þarna segir hann að ráði ekki minnstu sá andi sem ríki í fyrirtækinu. „Þrátt fyrir að vera orðið jafnstórt og fjölbjóðlegt og raun ber vitni er Gallo samt sem áður fjölskyldufyrirtæki. Og sem slíkt er



VÍNNEYSLA ÞJÓÐA

Samantekt Gallo á vínrykkju þjóða þar sem mældir eru lítrar á mann.

Land	lítrar á ári
Ísland	10
Bandaríkin	10
Svíþjóð	15
Holland	20
Bretland	21
Þýskaland	24
Írland	33
Spánn	33
Ítalía	51
Frakkland	56

E. & J. GALLO VÍNGERÐ Í 75 ÁR

Á næsta ári fagnar víngerð E. & J. Gallo 75 ára afmæli sínu. Bræðurnir Ernest og Julio Gallo ólust upp á véneku í San Joaquin-dal í Kaliforníunum. Þegar bannárin liðu undir lok vestra sáu þeir hag sínum betur borgið í að búa til vín en að selja ber sín til annarra fra

FJÓRÐI ÁRATUGURINN

Víngerðin stofnuð í ágúst 1933.

Bygging hefist á annarri framleiðslustöð í Modesto árið 1936.

Víngerð berst í bókum og margar fara á hausinn. Milli 1934 og 1938 fækka framleiðendum í Kaliforníu úr 800 í 212.

FIMMTI ÁRATUGURINN

Fjölskyldunafnið Gallo sést fyrst á borðvíni árið 1940.

Árið 1942 kaupa Gallo-bræður „American Vineyard“ í Livingston í Kaliforníu.

Eftirspurn verður til þess að fjölbreytni er aukin í framleiðslunni.

Árið 1947 eru vín frá Gallo orðin þau mest seldu í Kaliforníu.

SJÖTTI ÁRATUGURINN

Árið 1954 er Gallo mest selda vínið í Bandaríkjunum.

Fyrsta vínframleiðslurannsóknastofan opnuð í Modesto-vínstöðinni.

Árið 1958 er hagkvæmni aukin með því að Gallo kaupir glersmiðju og framleiðir eigin flöskur.

Markaðssetning fær á sig svip með námskeiðum fyrir sölumenn.

Gallo er í fararbroddi við kynningu á vínunum í Bandaríkjunum, en þau nutu lítilla vinsælda framan af.

SJÖUNDI ÁRATUGURINN

Leikarinn Don Kent syngur lag fyrir Gallo í sjónvarpsauglýsingum sem ná yfir öll Bandaríkin.

Árið 1964 er Gallo Hearty Burgundy sett á markað og nær miklum vinsældum.

Samhæfingarmiðstöð vínberjaframleiðslu er stofnsett árið 1965.

Árið 1967 tekur Gallo að semja við berjaframleiðendur til lengri tíma, gegn því að umætur í ræktun verði innleiddar.

Árið 1968 taka Bandaríkjamenn við sér í vínrykkju og vínmenning eykst.



Örugg fyrirtæki bæta ímynd og afkomu

Íslendingar eiga því miður Norðurlandamet í vinnuslysum og það er óásættanlegt. Með því að fara skynsamur leiðir og með samvinnu tryggingafélaga og annarra fyrirtækja má með tiltölulega einföldum hætti koma í veg fyrir þúsundir slysa og óhappa.


Tilgangurinn með samvinnu Markaðarins og Sjóvá um forvarnir er sá að beina sjónum að forvörnum og þeim tækifærum sem þær veita til að bæta lífsgæði starfsmanna og afkomu félaga.

Dæmi um árangur forvarna hjá fyrirtækjum eru mörg. Forvarnaáttak Sjóvá með einu fyrirtæki leiddi til þess að tjónum á ökutækjum fækkaði um 80 prósent hjá því á tveimur árum. Með markvissu átaki tókst að fækka vinnuslysum um allt að 90 prósent hjá stóru fyrirtæki á einu ári og einfaldar aðgerðir á skrifstofu fyrirtækis skiluðu sér í minni fjarveru starfsmanna sökum bakeymsla. Með námskeiðum fyrir unga öikumenn tókst að lækka slysatíðni þeirra sem sóttu námskeiðin um allt að 40 prósent miðað við meðaltalið.

Fleiri dæmi um forvarnir fyrirtækja má nefna. Ökuritar í bifreiðum auka upplýsingar fyrirtækjanna um aksturslag ökumanna sem hjá þeim starfa. Mörg flutningafyrirtæki hafa sparað sér hundruð þúsunda króna á ári í rekstri hvernar bifreiðar með því einu að nýta þennan búnað. Sparnaðurinn felst í minni olíueyðslu og betri nýtingu hjólbarða. En hér hafa tryggingafélög líka umtalsverðan ávinning, því sýnt hefur verið fram á, að með notkun þessa tækjabúnaðar hefur bifreiðatjónum fækkað umtalsvert. Þannig fara hagsmunir okkar og fyrirtækjanna algerlega saman.

Við vissum að með tvöföldun akbrauta og aðgreiningu brauta á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi mætti fækka slysum um allt að 300 á ári. Við gætum sparað umtalsverða fjármuni í tjónabætur með því að bjóðast til að fjárfesta í uppbyggingu þessara vega. Okkur var ljóst að við gætum fækkað tjónum í umferðinni á Suðurlandsvegi um 50 prósent og alvarlegum slysum á fólki um allt að 80 prósent með breikkun vegarins og aðgreiningu akstursstefna.

„Forvarnaáttak Sjóvá með einu fyrirtæki leiddi til þess að tjónum á ökutækjum fækkaði um 80 prósent hjá því á tveimur árum,“ segir Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá. Um forvarnir í tengslum við uppbyggingu vega segir hann: „Okkur var ljóst að við gætum fækkað tjónum í umferðinni á Suðurlandsvegi um 50 prósent og alvarlegum slysum á fólki um allt að 80 prósent með breikkun vegarins og aðgreiningu akstursstefna.“



Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá
MARKAÐURINN/GVA

un vegarins og aðgreiningu akstursstefna. Þá sáum við líka tækifæri í að tengja þekkingu okkar á forvörnum og slysaáhrifum betur við hönnun og uppbyggingu umferðarmannvirkja. Í ljósi þessa ákvað félagið að bjóðast til að byggja Suðurlandsveg.

Það er ljóst, að á skömmum tíma hefur orðið ákveðin hugarfarsbreyting í þessum málaflökki og áhugi á nýrri nálgun í samgöngumálum er mikill. Áhugi sem m.a. snýr að hugsanlegum einkarekstri stofnbrauta út frá höfuðborginni – sem geti leitt til betri vega og nýrra áherslna.

Við lítum svo á, að við séum að feta okkur inn á nýjar brautir sem geti verið mjög gagnlegar fyrir viðskiptavinum okkar og fyrirtækið sjálft. Tryggingafélög geta og eiga að leggja aukinn þunga á hvers konar forvarnir. Það eru mörg nútímatryggingafélög að gera.

Á sama tíma og árangur af margvíslegum aðgerðum til að draga úr óhöppum og slysum á vinnustöðum hefur komið fram í dagsljósið hefur áhugi á þessum málaflökki aukist. Fyrirtæki eru í auknu mæli að skynja að forvarnir eru ekki upp á punt, heldur leið til að auka öryggi, styrkja rekstur, auka traust viðskiptavina á þeim auk þess að bæta ímynd þeirra.

Til þess að mæta þessum aukna áhuga hefur Sjóvá stofnað sérstakt dótturfélag, Sjóvá Forvarnahúsið, sem hefur m.a. að markmiði að þjóna fyrirtækjum á sviði forvarna og að efla áhættustjórnun. Sjóvá Forvarnahúsið markar viss tímamót í starfsemi tryggingafélags héraðs þvi Sjóvá er

að taka með afgerandi hætti forystu í þessum málaflökki og að safna saman þekkingu sem áður hefur verið dreifð og fyrir vikið því ómarkvissari en ella. Sjóvá Forvarnahúsið starfar náið með fyrirtækjasviði Sjóvá í þeim tilgangi að þjóna betur en áður ólíkum þörfum fyrirtækja í viðskiptum við félagið á þessu sviði.

Afstaða okkar á að vera sú, að hægt sé að koma í veg fyrir öll slysa. Það hefur m.a. sýnt sig vel við uppbyggingu Fjarðaráls þar sem hvert Íslandsmetið hefur verið slegið á þessu sviði. Fjarðaráll hefur verið til mikillar fyrirmyndar hvað snertir öryggi þeirra sem þar hafa starfað. Við eigum að beina sjónum að slysalausum afburðafyrirtækjum, hampa þeim og tala um árangur þeirra og láta það smám saman fréttast, að þessi fyrirtæki séu viðmið okkar og fyrirmynd. Með því verðum við smám saman Norðurlandameistarar í lágri slysatíðni hjá fyrirtækjum. Það er met sem við yrðum stolt af.

Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá

Lóð á vogarskál aukins öryggis

Þótt stundum mætti ætla annað, þá fara hagsmunir almennings og fyrirtækja oft en ekki saman. Gott fyrirtæki skilgreinir hagsmuni sína vítt og vefur þá saman við almenna hagsmuni.

Tryggingafélög hafa hag af því að fækka slysum og tjónum. Í því skyni hefur aukin áhersla verið

lögð á forvarnir. Þegar sú hugmynd kviknaði í forystu Sjóvá að ýta úr vör greinaflokki með dæmisögum um hvernig forvarnastarf hefði skilað árangri, þá sáum við þar gott tækifæri til að láta gott af okkur leiða.

Það var því gengið hratt til verks og tíu mínútna fundur skilaði því að fyrsta greinin birtist í Markaðnum innan við viku síðar. Samstarfið stóð sleitulaust yfir í tæpt ár og skilaði 32 greinum

eftir átján starfsmenn. Dæmisögur úr hvunndegi tryggingafélagsins urðu því margar og margbreytilegar.

Sögurnar sem slíkar voru margar áhugaverðar sem lítill samtíðarspegill, en mikilvægi þeirra fólst fyrst og fremst í skilaboðunum. Þeim einföldu sannindum sem stundum er erfitt að færa í orð að fyrirhyggja og meðvitund getur firrt okkur miklum óþægindum og sorg. Þótt

ekki hafi nema ein slíkra dæmisagna orðið einhverjum umhugsunar-efni sem leiddi til meiri árvekni og aðgæslu er mikið unnið. Það er sannfæring mín miðað við viðbrögð að greinarnar hafi vakið marga til umhugsunar.

Það er verðugt verkefni að fækka slysum og óhöppum og

ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

það er lofsvert framtak hjá Sjóvá og starfsmönnum félagsins að leggja sín lóð á vogarskál aukins öryggis. Markaðurinn lítur til þess með stolti og ánægju að hafa unnið að þessu þjóðþrifaverki með ötulu starfsfólki Sjóvá.

Hafliði Helgason, ritstjóri Markaðarins

Átján starfsmenn Sjóvár skrifuðu samtals 32 greinar meðan á samstarfsverkefni Markaðarins og Sjóvár stóð í fyrra. Út frá eigin reynslu í starfi fjölluðu greinahöfundar um hvernig fyrirtæki geta dregið úr tjóni með forvörnum. Markaðurinn spjallaði við nokkra þeirra um forvarnir og mikilvægi þeirra. Allar greinarnar má nálgast á vef Sjóvár, www.sjova.is, undir liðunum „forvarnir“.



HLYNUR JÓNSSON, TJÓNAMATMAÐUR Í SJÓDEILD SJÓVÁR

Upphringibúnaður í skipum skiptir sköpum

Hlynur Jónsson er sérhæfur í því að skoða tjón á skipum og bátum auk þess sem hann skoðar tjón á farmi. Hann segir að það takmarkað sem hægt sé að gera í forvörnum í skipum og bátum. Þær leiðir sem þó eru til séu í alltof fáum tilfellum notaðar. „Alla jafna eru viðvörðunarkerfi í skipum. Ég hef hins vegar verið að berjast fyrir hringibúnaði sem lætur menn vita ef eitthvað fer úrskeiðis á meðan skipið er til dæmis mannaust við bryggju.“

Um þetta efni skrifaði Hlynur grein sína í átaki Markaðarins og Sjóvár. Þar sagði hann sanna dæmisögu af 160 brúttólesta skipi sem nánast var sokkið við bryggju. Ástæðan var að sjólögn fór í sundur frá dælu sem var fyrir í lestarkælingu skipsins. Sjór streymdi inn í skipið þar sem mjög dýr búnaður var til staðar, meðal annars ljósavél og varahlutalager. Óhappið átti sér stað að næturlagi og var skipið því mannaust. Nokkrum árum fyrr hafði eigandi skipsins fest kaup á öryggiskerfi með hringibúnaði. Það virkaði sem skyldi og tilkynnti þegar í stað til öryggisfyrirtækisins að sjór væri kominn í framskipið. Talsvert tjón varð á skipinu en ljóst er að það hefði orðið mörgum tugum milljóna meira ef skipið hefði sokkið við bryggjuna, eins og allt stefndi í. Þá var viðgerðartíminn aðeins um tvær vikur í stað jafnvel margra mánaða sem leiddi til þess að tjón eigandans vegna vinnutaps varð mun minna en ella.

Mörg stórtjón verða á meðan skip liggja við bryggju og enginn er við borð. Hlynur segir að góð viðvörðunarkerfi í skipum og bátum séu nauðsynlegur búnaður til verndar bæði mönnum og verðmætum. Slíkt kerfi geti skipt sköpum þegar hætta steðjar að, svo sem ef eldur kviknar eða skyndilegur leki kemur að skipum. Þrátt fyrir að slíkur búnaður sé að hans mati ekki dýr veit hann aðeins um örfá tilvik þar sem slíkt kerfi eru til staðar. „Ég myndi hvetja alla útgerðarmenn til að kynna sér slíkan búnað, hann margborgar sig.“



ÞÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI TJÓNASVIÐS SJÓVÁR

Er Bjóssi örugglega með próf á mjólkurbílinn?

Allt of oft vill það brenna við að fyrirtæki gangi ekki úr skugga um að starfsmenn hafi tilskilin réttindi áður en þeir eru ráðnir til starfa. Þóra Hallgrímsdóttir, lögfræðingur og framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár, skrifaði nokkrar greinar á meðan á átaki Sjóvár og Markaðarins stóð á síðasta ári. Meðal annars tók hún þetta mál efni fyrir í greininni „Er Bjóssi örugglega með próf á mjólkurbílinn?“ Þar kemur fram að sumum finnst óþarfi að vera með smámunasemi í þessum málum. „Hvers vegna þarf ég að vita hvort Bjóssi á mjólkurbílinum sé örugglega með bílpróf,“ kunnir margir að spyrja sig. Þóra kemur með skýr svör við þessu. „Í fyrsta lagi getur starfsmaður valdið tjóni sem bitnar á öðrum. Samkvæmt reglum íslensks skaðabótaréttar ber vinnuveitandi ábyrgð á gáleysisverkem starfsmanna sinna. Honum ber því að greiða bætur til þess sem varð fyrir tjóninu. Réttindaleysi starfsmanns getur haft bein áhrif á bótaábyrgð fyrirtækisins eins og fjöldi dómsmála hefur sýnt.“

Þóra segir að öll ábyrgð fyrirtæki kaupir sér ábyrgðartryggingar til að mæta tjónum sem þessum. Auðvitað hafi það hins vegar áhrif á tryggingaíðgjöld þeirra ef tjónatíðin er há. Mikilvægt sé því að bregðast við með forvörnum, áður en óhöppin verða.

Meðal þess sem Þóra ber ábyrgð á í starfi sínu er að taka afstöðu til bótaskyldu í málum sem upp koma, jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum. Þá tekur hún afstöðu til ágreiningsmála og dómsmála þegar þau koma upp. „Forvarnir eru tvímælalaust mikilvægar,“ segir Þóra. „Við komum oft auga á hvað betur megji fara hjá fyrirtækjum þegar við komum að tjónum. Við leggjum okkur fram við að upplýsa okkar viðskiptavinum sérstaklega um það í þeirri von að þeir bæti sínar forvarnir. Í okkar starfi verðum við oft vör við hversu alvarlegar afleiðingar það getur haft þegar eitthvað fer úrskeiðis. Þegar forvarnir eru ekki í lagi getur fylgt því eignatjón og, það sem verra er, líkamstjón sem verður ekki tekið til baka.“



RANNEIG SIGURÐARDÓTTIR, ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í TJÓNADEILD SJÓVÁR

Slysum á erlendum verkamönnum fjölgar

Í starfi sínu sem þjónustufulltrúi í tjónadeild Sjóvár einbeittir Rannveig Sigurðardóttir sér sérstaklega að vinnuslysum á sjó og landi. Hún segir að tegundir vinnuslysa hafi breyst á undanförunum árum. Fyrir nokkrum árum hafi verið mikið um slysum vegna skorts á fallvörnum á vinnuþöllum. Þetta hafi lagast. Núna sé hins vegar töluvert um að útlendingar slasist, oft á tíðum vegna skorts á upplýsingum. „Það er skelfilegt þegar vinnuveitendur átta sig ekki á þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra,“ segir hún. Vísar hún þar til þess að víða skorti átakanlega á að leiðbeiningar á vélum og tækjum séu nægilega skýrar fyrir þá sem ekki eru íslenskumælandi. Hún segir slysum á erlendum verkamönnum það sem helst er í ólestri í dag þegar kemur að vinnuvörnum. „Fyrirtæki ættu að nota túlka þegar erlendir starfsmenn eru að hefja störf. Þeir þurfa að fá sömu kennslu og þeir sem skilja og tala íslenskt mál.“

Í grein Rannveigar um vinnuslysum og forvarnir kemur fram að sá dagur lífi varla að ekki eigi sér stað slysum á vinnustöðum. Mörg þeirra séu alvarleg og leiði til örkumla eða dauða. „Það ætti að vera metnaður hvers fyrirtækis að fyllsta öryggis sé gætt á vinnustaðum,“ segir í greininni. „Fyrst og fremst þarf að setja í samráði við starfsmenn öryggisáætlun og reglur fyrir starfsmenn – forvarnir. Það er ekki nóg að setja reglur, eftir þeim verður að fara og enginn nýr starfsmaður ætti að taka til starfa fyrr en hann hefur gengið í gegnum kennslu og kynningu á þeim reglum og öryggisatriðum sem á vinnustaðnum gilda.“ Þá bendir hún á að þau fyrirtæki sem hafa mótað sínar öryggisreglur vel sjái til þess að enginn starfsmaður hefji vinnu nema með því að fara í gegnum „öryggisskóla“ fyrirtækisins. Hjá þeim fyrirtækjum hafi slysum stórlega fækkað og heyrir jafnvel fortíðinni til.

Samfélagsmál eru Rannveigu afar hugleikin. Hún er í stjórn VR, hefur barist fyrir slysabótaréttindum launamanna í kjarasamningum og stýrir um þessar mundir kosningabaráttu vinstri grænna í Suðurkjördæmi. Hún er því mikil baráttukona fyrir bættum réttindum vinnandi fólks. „Það er tiltölulega auðvelt að laga það sem er að á vinnustöðum án mikils tilkostnaðar. Þess vegna var ég sæl yfir að geta lagt eitthvað til málanna með þessari grein því þessi mál eru mér mjög hugleikin.“



GEIR JÓHANSSON, VIÐSKIPTASTJÓRI Á FYRIRTÆKJASVIÐI SJÓVÁR

Greinileg vakning í forvarnamálum

Geir Jóhannsson, viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði Sjóvár, hefur umsjón með mörgum af stærri viðskiptavinum Sjóvár og sér til þess að þeir séu rétt og vel tryggðir. Hann hefur mikla trú á áhrifamætti forvarna. „Forvarnir eru feykilega mikilvægar því það er í raun ódýrt að koma í veg fyrir tjón,“ segir Geir sem í starfi sínu heimsækir meðal annars fyrirtæki og skoðar hvað betur má fara í tryggingamálum. Hann segir það fyrst og fremst sofandahátt sem ráði því að tryggingum sé ábótavant í fyrirtækjum. „Menn vilja stundum sofna á verðinum. Flestir taka því hins vegar vel ef þeim er bent á hvað betur má fara. Að sjálfsgöðu eru menn eru misvakandi og misviljugir. Ég hef hins vegar orðið var við að vakning er að verða í forvarnamálum innan fyrirtækja.“

Geir skrifaði tvær greinar í átaki Markaðarins og Sjóvár. Sú fyrri fjallaði um öryggi gagna. Þar kom fram að flestir gera sér grein fyrir því að þeir geti lent í verulegu fjárhagslegu tjóni ef fyrirtæki þeirra verður fyrir eignatjóni. Færri leiði hins vegar hugann að því sem gerist þegar tölvugögn fyrirtækisins hverfa eða eyðileggjast í tjóni. Til að draga sem mest úr áhættu við gagnatap verði fyrirtæki og stofnanir að koma sér upp áætlun um örofinn rekstur. Skjót endurheimt gagna sé lyklatríði í því að ná því markmiði. Í greininni kemur fram að algengt sé að forsvarsmenn fyrirtækja telji sig vera váttrygga gegn fjárhagstjóni vegna skemmda eða bilana rafeindatækja. Það sé hins vegar sjaldnast raunin.

Í seinni grein Geirs fjallaði hann um sex punkta brunaprófið sem getur komið í veg fyrir eða takmarkað verulega brunatjón hjá fyrirtækjum. „Brunatjón eru mjög algeng og þess vegna er mjög mikilvægt að hamra á því,“ segir Geir, spurður hvers vegna hann valdi þetta efni öðrum fremur. Í sex punkta brunaprófinu felst í fyrsta lagi að slökkvitæki séu til staðar, örugglega í lagi og starfsfólk kunnir að nota þau. Í öðru lagi að umgengni starfsfólks á vinnustað sé góð, þar sem það minnkar hættu á tjóni. Í þriðja lagi að yfirfara þarf rafmagn með reglulegu millibili og gæta að tengingum í töflum. Í fjórða lagi að yfirfara þurfi brunahólf í húsakynnum fyrirtækja. Það hafi sýnt sig að rétt brunahólfun sé eitthvert öflugast tæki til að hindra útbreiðslu elds. Í fimmta lagi að athuga þarf hvort þörf sé á vatnsúðunarkerfi. Þá ætti brunaviðvörðunarkerfi beintengt við stjórnstöð að vera í húsnæðinu. Í sjötta og síðasta lagi þarf að sannreyna hvort rýmingaráætlun sé til staðar innan fyrirtækisins.

Geir fékk mikil viðbrögð við báðum greinum sem hann skrifaði. „Ég fékk nokkrar hringingar þar sem mér var þakkað fyrir að skrifa greinarnar. Þetta framtak vakti mikla umræðu. Þetta hefur vakið fólk til umhugsunar og við erum mjög ánægð með það.“

ATVINNUREKSTRAR- VERND SJÓVÁR

Helstu kostir:

- Betri yfirsýn
- Fagleg váttryggingaráðgjöf
- Sérstakleg lausnir
- Persónuleg þjónusta
- Forvarnir í fyrirrúmi
- Öflug tjónaþjónusta

Nánari upplýsingar fást
hjá ráðgjöfum Sjóvá í síma
440 2000 eða á netfangið
fyrirtaeki@sjova.is



Bjarni Ólafsson, viðskipta-
stjóri Fyrirtækjasviðs
Sjóvá. MARKAÐARINN / GVA

Í útrás með váttryggingar

Fyrir tilstilli samstarfssamnings við tryggingafélagið Royal Sun Alliance getur Sjóvá tekið virkan þátt í útrásinni og boðið íslenskum fyrirtækjum váttryggingar hvar sem er í heiminum.

Í upphafi ársins 2006 má segja að tryggingafélagið Sjóvá hafi fetað í fótspor annarra íslenskra fyrirtækja og hafið útrás. Sjóvá fór þó aðra leið að henni en önnur íslensk tryggingafélög hafa gert. Félagið gerði umfangsmikinn samstarfssamning við Royal Sun Alliance, stærsta fyrirtækjaváttryggjanda Bretlands og sjöunda stærsta skaðatryggingafélag í heimi. Félagið heldur utan um víðtækasta net váttryggingafélaga heims sem var sérstaklega skapað til að styðja við tryggingar fyrirtækja með starfsemi í mörgum löndum. Samstarfssamningurinn gerði Sjóvá kleift að bjóða íslenskum viðskiptavinum sínum aðgang að þessu neti.

„Það eru örfá félög í heiminum sem hafa þessa stöðu innan Royal Sun Alliance sem ekki eru dótturfélög þess. Önnur tryggingafélög hér á landi hafa farið þá leið að kaupa félög í öðrum löndum til að geta veitt íslenskum fyrirtækjum þjónustu í þeim löndum. Við hins vegar getum boðið viðskiptavinum okkar þjónustu nánast hvar sem er í heiminum,“ segir Bjarni Ólafsson, við-

skiptastjóri á fyrirtækjasviði Sjóvá.

Stjórnendur Sjóvá hafa lagt áherslu á að bjóða viðskiptavinum sínum faglega váttryggingaráðgjöf og fyrsta flokks þjónustu við greiningu á váttryggingarþörf, auk aðstoðar við áhættumat og forvarnir. Viðskiptavinirnir hafa jafnframt aðgang að öflugri tjónaþjónustu. Lögð er sérstök áhersla á að hún sé skilvirk og hröð og að tjón valdi sem minnstri röskun á rekstri fyrirtækja. Þjónustan til fyrirtækja samanstendur af þremur þáttum sem saman mynda þá váttryggingavernd sem Sjóvá býður: Váttryggingaráðgjöf, ráðgjöf um forvarnir og tjónaþjónustu. Mikið er lagt upp úr að greina þarfir viðskiptavina hverju sinni og meta þær váttryggingarlegu áhættu sem þeir geta staðið frammi fyrir í rekstri sínum.

ÚTRÁSINI FYLGT EFTIR

Íslensk fyrirtæki hafa að undanförunu látið mjög að sér kveða í útlöndum og keppt við að kaupa og stofna fyrirtæki á erlendri grundu. Þetta skapaði tækifæri fyrir Sjóvá til að bæta og auka við

þjónustuframboð sitt. Útrás Íslendinganna hafði heldur ekki farið framhjá stjórnendum Royal Sun Alliance sem sáu að hér á landi væri þörf fyrir váttryggingar af þessu tagi. Jafnframt sáu þeir tækifæri í að bjóða íslensku félögum viðbótartryggingar í þeim löndum sem þau starfa í, til viðbótar við tryggingarnar frá Sjóvá.

Samstarfssamningurinn við Royal Sun Alliance gerir Sjóvá kleift að bjóða íslenskum félögum sömu skilmála, í 133 löndum um allan heim, hver sem áhættan er þar. Sjóvá gefur þá út nokkurs konar regnhlífartryggingu. Með henni eru öll dótturfélög tryggð í samræmi við váttryggingavernd móðurfélagsins. Öllum málum varðandi váttryggingar er miðstýrt af móðurfélagi, á sama tíma og kostum heimamarkaðar er haldið.

Þetta fyrirkomulag hefur þá kosti í för með sér að minni þörf er fyrir váttryggingalega þekkingu hjá dótturfélögum, auk þess sem móðurfélagið hefur heildarsýn yfir áhættu allra dótturfélaganna. Viðskiptavinir félagsins fá þjónustu frá samstarfsaðilum í

því landi sem áhættan er staðsett. Auk þess að vera ábyrgur fyrir váttryggingaþjónustunni sér samstarfsaðilinn um að veita nauðsynlegar upplýsingar um skilning á váttryggingaumhverfinu í viðkomandi landi, svo sem á markaðssvæðinu, lögum, reglugerðum og venjum.

NÝJUNGUNUM VEL TEKID Á ÍSLANDI

„Fyrir alþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi í mörgum löndum er mikilvægt að lúta sömu skilmálum hvar sem er í heiminum. Þar sem samstarfsaðilar okkar eru um allan heim getur félag sem verður fyrir tjóni verið visst um að tryggingafélagið verði um hæl mætt á svæðið til að afgreiða tjónið,“ segir Bjarni. „Það er jafnframt einfalt fyrir félög að bæta inn í tryggingu sína nýjum félögum sem bætast í hópinn, svo sem við samruna.“

Bjarni segir að þjónustunni hafi verið vel tekið hér á landi. Þau fyrirtæki sem nýta sér þjónustuna eru meðal annars Promens, Sjóklæðagerðin, Fram Foods, Marel með hluta af starfsemi sinni, Eimskip í Bretlandi, Bílanaust í Bretlandi, GPG fiskverkun og skyrtugerðin Vilkmá. „Á þessu eina ári sem liðið er hafa margir nýir viðskiptavinir komið til sögunnar. Því er greinilegt að mat okkar á þörfinni var rétt.“

Verksmiðja Fram Foods brann til kaldra kola

Síðastliðið haust urðu stjórnendur matvælafyrirtækisins Fram Foods fyrir heldur óskemmtilegri reynsly. Verið var að hreinsa framleiðslulínu sem notuð var til framleiðslu á blini, sem eru rússneskar pönnukökur, í annarri tveggja verksmiðja félagsins í Frakklandi. Slík hreinsun fer þannig fram að hitað er undir línunni og hún svo skafin og hreinsuð. Einnhverjar leifar virðast hafa verið eftir á línunni þar sem eldur tendraðist sem teygði sig upp í háf fyrir ofan línuna. Þar læsti hann sig í leifar af olíu sem notuð er við baksturinn. Rýmið varð alelda á nokkrum mínútum og verksmiðjan brann til kaldra kola.

Hilmar Ágústsson, framkvæmdastjóri Fram Foods, segir engan bera ábyrgð á slysinu öðrum fremur.

„Þetta var skelfilegt slys og engum að kenna. Á staðnum voru viðhaldsmenn þjálfaðir í brunavörnum. Verksjórnin á vakt er meira að segja í varaslökkviliði Orleans-borgar. Sem betur fer tóku þeir ákvörðun um að rýma húsið strax þannig að engin slys urðu á fólki.“

Fram Foods er með starfsemi í sex löndum. Félagið rekur verksmiðjur á Íslandi sem sinna hráefnisframleiðslu fyrir verksmiðjur félagsins í Svíþjóð og Frakklandi. Í Svíþjóð er túpukavíar unninn, síld í glösum, glasakavíar, lút-

fiskur og ansjósúr í dós. Í Finnlandi fer fram síldarframleiðsla. Önnur verksmiðja félagsins í Frakklandi er sérhæfð í framleiðslu á svokölluðum kosher-vörum. Þá rekur Fram Foods söluskrifstofu í Þýskalandi og á hlutdeildarfélag í Chile.

Í þeirri verksmiðju Fram Foods í Frakklandi er brann fór fram framleiðsla á tarama, idýfu úr reykum þorskhrognum, blini, og laxa- og silungahrognum. Félaginu tókst fljótt að koma hluta af framleiðslunni fyrir annars staðar og er nú í því ferli að úthýsa tímabundið þeim hluta framleiðslunnar sem enn er ekki kominn í gang aftur. Þá stefnir félagið að því



Rústírnar einar stóðu eftir þegar kviknaði í verksmiðju Fram Foods í Frakklandi í haust. Félagið var tryggt með regnhlífartryggingu frá Sjóvá.

að kaupa nýtt húsnæði þangað sem framleiðslan verður færð þegar fram líða stundir.

Fram Foods-samstæðan er tryggð með regnhlífartryggingu frá Sjóvá

sem er sérstaklega gerð til að styðja við tryggingar fyrirtækja með starfsemi í mörgum löndum. Hilmar lætur vel af samstarfinu við Sjóvá og segir regnhlífartrygginguna auðveldu yfirsýn yfir tryggingar allra fyrirtækjanna innan samstæðunnar. „Að íslenskt félag kæmi að málunum þegar bruninn átti sér stað auðveldaði málin mjög. Starfsmenn frá Sjóvá brugðust skjótt við, komu með okkur út til Frakklands og lýstu yfir á fundi að þeir vildu leysa þetta mál í sameiningu við okkur. Samskipti okkar við franska váttryggjandann eru einnig góð og einkennast af fagmennsku, fyrst og fremst, sem staðfesti fyrir okkur gildi samstarfs okkar við Sjóvá.“

Heilt hús tileinkað forvörnum

Stjórnendur Sjóváar brugðust við vakningu samfélagsins í forvarnamálum með stofnun Forvarnahússins þar sem fjölbreytt starfsemi fer fram.

Í pappírsgeymslu gamla Morgunblaðshússins í Kringlunni 3 leynist í dag sérstakt hús. Þetta er Forvarnahúsið. Þar er auðveldlega hægt að gleyma sér í drjúga stund. Meðal annars má prófa hvernig er að lenda í árekstri á sjö kílómetra hraða á þar til gerðri rennibraut. Þungt höggið gefur daufa hugmynd um hvernig höggið yrði við meiri hraða. Ef það er ekki nóg er líka hægt að klifra upp í veltibílinn og finna hvernig öryggisbelti virka ef maður lendir í bílveltu.

Þó að heimsókn í Forvarnahúsið geti verið hin mesta skemmtun er afþreying ekki ástæðan fyrir tilurð þess. Stjórnendur Sjóváar höfðu, í störfum sínum með einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, tekið eftir því að margir voru farnir að sýna forvörnum aukinn áhuga. Til að bregðast við því var Forvarnahúsið stofnað í fyrra, í því augnamiði að verða vettvangur ýmissa fyrirtækja, stofnana og félagsamtaka í forvörnum.

Í Forvarnahúsinu geta gestir séð bifreið sem hefur lent í hörðum árekstri. Þá geta þeir leikið sér með hraðavigt. Hún getur á augabragði til dæmis reiknað út hvað átta kíló innkaupapoki verður þungur ef bíllinn lendir í árekstri á 90 kílómetra hraða. Hann verður eitt tonn, svo það sé á hreinu. Það ætti að vera öllum hvatning til að koma innkaupapokum framvegis haganlega fyrir í skottinu en ekki í aftursætisinu.

Forvarnahús með þessu sniði eru orðin algeng víða um heim enda er sjónupplifun yfirleitt talin áhrifarík. Upplifanir á borð við þessar eiga það til að festast í hugum fólks frekar en, til dæmis, lífsreglurnar frá foreldrunum.

Ýmislegt fleira er og verður til staðar í Forvarnahúsinu. Um þessar mundir er verið að byggja þar tvær fullbúnar íbúðir, aðra fyrir barnafjölskyldu og hina fyrir eldri borgara. Innan skamms verður hægt að kíkja þangað í heimsókn, ganga um heimilin og sjá með eigin augum hvernig íbúðir þurfa að vera búnar svo þær geti talist öruggar.

FORVARNIR TEKNAR SKREFINU LENGRA
„Segja má að Sjóvá hafi farið mjög óhefðbundna leið með stofnun Forvarnahússins. Það er ekkert nýtt að tryggingafélög vinni í forvörnum. En með þessu er félagið að taka málefnið skrefinu lengra,“ segir Herdís L. Storgaard, sem ásamt Einari Guðmundssyni veitir Forvarnahúsinu forstöðu. Auk þeirra er Fjóla Guðmundsdóttir ábyrg fyrir fyrirtækjasviði og Hildur Björg Hafstein starfar að uppbyggingu heimasíðu hússins. „Það er aukin krafa á sveitarfélög og fyrirtæki að þau sinni forvörnum. Það er þessu kalli sem við erum að svara,“ segir Fjóla.

Um síðustu áramót var Forvarnahúsið gert sjálfstætt og er það nú rekið sem dótturfélag Sjóváar. Það var ekki síst gert til þess að húsið gæti verið hafið yfir samkeppni og unnið með hverjum sem til þess leitar. Ýmsir aðilar, eins og Securitas, Útilíf, Neyðarlín-an, Brautin – bindindisfélag öku-



Pau Hildur Björg Hafstein, Fjóla Guðmundsdóttir, Herdís L. Storgaard og Einar Guðmundsson eru húsráðendur í Forvarnahúsi.

MARKAÐURINN / GVA

„Stjórnendur fyrirtækja hugsa fyrst og fremst um hvað þeir geta gert til þess að lækka hjá sér rekstrarkostnaðinn. Forvarnir eru góð leið til þess.“

manna og Glitnir, koma að rekstri hússins.

Fjöldi verkefna er nú í undirbúningi hjá Forvarnahúsinu. Stefnt er að því að gestir á námskeiðum og kynningum verði um tíu þúsund árið 2007. Meðal annars verður öllum nemendum í elstu bekkjum grunnskóla boðið í heimsókn. Meðal þeirra verkefna sem þegar eru hafin er samstarf við Umferðarstofu. Ungum öikumönnum á aldrinum 17 til 20 ára er boðið upp á námskeið um ökutækjatrýggingar og tjónamál, þeim að kostnaðarlausu. Námskeiðið er um 5 tímar og markmið þess er að opna augu öikumanna um hvernig þeir geti aukið öryggi sitt í umferðinni. „Í þessu felst þessi „skrefi lengra“ nálgun,“ segir Fjóla. „Forvarnir eru yfir samkeppni hafnar, þær koma þjóðfélaginu til góða. Þetta er vissulega hagur Sjóváar en líka hagur einstaklinga eða fyrirtækja. Forvarnir borga sig, þær eru kannski langhlaup en þær borga sig. Fyrirtæki eru farin að líta þetta öðrum augum en þau gerðu áður. Þau eru farin að sjá þörfina hjá sjálfum sér.“

Annað stórt verkefni sem Forvarnahúsið vinnur nú að er samstarf við Orkuveituna er varðar forvarnir gegn brunaslysum af völdum heits vatns. Samstarfs-samningurinn var undirritaður síðasta haust og mun Forvarnahúsið leiða verkefnið með stuðningi og fulltingi Orkuveitu Reykjavíkur. Áætlað er að verkefnið muni kosta fjórar milljónir króna og standa í eitt ár. Orkuveita Reykjavíkur mun leggja fjármuni til verkefnisins og mun,

ásamt Forvarnahúsinu, leggja til nauðsynlega vinnu. „Þetta er mjög flókið í framkvæmd,“ segir Herdís. „Hluti af samningnum felst í að koma fyrir öllum þessum mismunandi kerfum og leiðbeiningum hér í húsinu þannig að fólk geti komið og skoðað. Námskeiðin sem fagmenn munu þurfa að sækja, til að geta gert breytingar á kerfunum, verða mögulega líka haldin hér.“

GÓÐ LEIÐ TIL AÐ LÆKKA REKSTRAR-KOSTNAÐ

Fækkun slysa og tjóna felur í sér aukna starfsánægju og aukið traust neytenda/viðskiptavina á viðkomandi fyrirtæki.

Forvarnahúsið er með þjónustusamninga við fjölda fyrirtækja. Eins og er eru það aðallega fyrirtæki sem eru tryggð hjá Sjóvá sem eiga í hlut. En önnur fyrirtæki og sveitarfélög, sem eru tryggð annars staðar, leita einnig beint til Forvarnahússins og gera samning um afmörkuð forvarnaverkefni. „Stjórnendur fyrirtækja hugsa fyrst og fremst um hvað þeir geta gert til þess að lækka hjá sér rekstrarkostnaðinn. Forvarnir eru góð leið til þess,“ segir Einar. Hann nefnir dæmi um fyrirtæki sem Forvarnahúsið hefur unnið með sem notar dýrar vinnuvélar við starfsemi sína. „Þar kostar eitt dekk fjögur hundruð þúsund krónur. Stjórnendurnir sjá það beint sem lækkun á rekstrarkostnaði að menn sjái betur um tækin sem þeim er treyst fyrir.“

Samstarf Forvarnahússins við fyrirtæki getur verið af ýmsum toga, allt eftir eðli rekstursins. Al-

gengt er að haldin séu námskeið fyrir starfsmenn eða stuttir fundir um afmörkuð efni. Úrlausnirnar sem veittar eru fyrirtækjum eru af ýmsum toga. Þær geta til dæmis verið í formi vinnuleiðbeininga, ráðgjafar og fræðslu. Byrjað er að greina og meta áhættuna með hlidsjón af starfsemi fyrirtækisins og skýrslur gerðar út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Síðan er komið með tillögur að úrlausnum eftir því hver greiningin er.

„Í þeim tilfellum þegar fyrirtækin eru tryggð hjá Sjóvá höfum við tjónasögu fyrirtækisins og getum unnið út frá henni og komið með lausnir. Ef við sjáum að tuttugu bílstjórar hjá samstarfsfyrirtæki hafi bakkað aftan á undanfarið ár, þá greinum við hvað veldur því, þannig að hægt sé að koma í veg fyrir það. Þá er jafnframt boðið upp á eftirfylgni og er þá fylgst með hvort aðgerðirnar skili sér,“ segir Einar. Hann segir að oft á tíðum sé um smámunni að ræða sem auðvelt er að laga en geta sparað fyrirtækjum stórfé.

Þau Herdís, Einar og Fjóla eru öll sammála um að vakning hafi orðið í þjóðfélaginu í forvarnamálum. Þau segja fyrirtæki nú sjá sér hag í því að huga að forvörnum enda hafi þær þegar áhrif á rekstrarafkomu og ánægju starfsmanna. Ánægðir starfsmenn skili af sér betri vinnu. Fyrirtæki séu loksins farin að átta sig á samhenginu milli þessara þátta. „Það hefur aldrei sérstaklega hipp og kúl að vera í forvörnum,“ segir Herdís. „En við finnum vel fyrir því núna að við erum inn.“

emi um heim allan

merkjum annarra vínframleiðenda sem fyrirtækið hefur keypt. Óli Cal Dennison, yfirvingerðarmann Gallo. Sá segir að víngerð sé langt frá notið,“ segir hann.

stefnan að bera hag komandi kynslóða fyrir brjósti, kynslóðanna sem erfa eiga fyrirtækið og taka við því. Verið getur að í þessu sé fólgin ákveðin áhættufælni. Allar ákvarðanir eru teknar til lengri tíma og hvergi anað út í hluti.“

Nicolas segir mikla áherslu lagða á markaðshlið starfsemi Gallo. Þannig sé til dæmis mjög mikið lagt upp úr markaðsrannsóknunum og stöðugt séu umfangsmiklar slíkar rannsóknir í gangi. „Á minni skrifstofu gerum við til dæmis árlega neytendarrannsókn í einhverju Norðurlandanna. Við viljum vita hvað það er sem ræður vali neytandans á víni og eftir hverju fólk er að leita. Á þessu getur munað miklu milli markaðssvæða, en við viljum sjá fólkinu fyrir því sem það langar helst í.“

Mikill vöxtur hefur verið í vingeiranum á heimsvísu, en heldur hefur þó dregið úr honum núna. „Framtíðarvöxtur Gallo verður því fremur í því að taka markaðshlutdeild frá öðrum en að vinna nýja markaði,“ segir Nicolas. Hann telur þó að hér á landi sé rúm fyrir landvinninga því ársneysla sé ekki ýkja mikil miðað við höfðatölu. Hér nemi neysla ekki nema um tíu lítrum á mann á ársvísu sem sé svipað og í Bandaríkjunum. „Ísland er náttúrulega ekki víngerðarland og talan því eðlileg, en í Bandaríkjunum er hún mjög lág.“ Hann bendir á að neysla í Svíþjóð nemi um 15 lítrum á mann á ári hverju og 21 lítra á mann í Bretlandi. Í grónu víngerðarlandi eins og Frakklandi nemur ársneysla á mann hins vegar 56 lítrum. Í Þýskalandi er bjórin væntanlega fyrirferðarmeiri, en þar nemur ársneysla 25 lítrum.



CAL DENNISON Eina rómantíkin sem Cal Dennison, yfirvingerðarmaður bandaríska vínframleiðandans Gallo, tengir við iðn sína er þegar tappi er dreginn úr flösku að kvöldi dags og víngerðarmaðurinn getur notið þess í blíðviðri með glas í hönd að horfa yfir ekrú sína. Að öðru leyti segir hann að víngerð sé bara erfiðisvinna og langt því frá að vera rómantísk. „Maður þarf að vera yfir þessu öllum stundum, vakinn og sofinn.“

MARKAÐURINN/VALLI

Í víngerð er engin rómantík

Cal Dennison, yfirvingerðarmaður Gallo, hélt fyrirlestur á Nordica fyrir helgi og leiddi vínsmökkun á bæði rauðum og hvítum vínunum Gallo.

Cal Dennison, yfirvingerðarmaður Gallo, hélt hér fyrirlestur um víngerðina síðasta föstudag á hótél Nordica en gestum gafst jafnframt kostur á að prófa finni vín fyrirtækisins. Hann er víngerðarmaður af lífi og sál með um tveggja áratuga reynslu í farskinu.

Hann verður svolítið skríttinn á svipinn þegar blaðamaður spyr hann út í rómantíkina sem oft er tengd víngerðinni. Eftir stutta umhugsun segir hann ekkert rómantískt við víngerð. „Maður þarf að vera yfir þessu öllum stundum, vakinn og sofinn. Víngerð er bara puð, alveg sama hvar hún er stunduð í heiminum og af hvaða stærðargráðu framleiðslan er,“ segir hann. Svo glottir hann og segir að rómantíkin komi inn í myndina þegar víngerðarmaður hvílir lúin bein í lok vinnudags undir sólarlag, kemur sér fyrir og horfir yfir ekrú sína í blíðunni og dreypir á eigin framleiðslu. „Rómantíkin kemur inn í myndina þegar vínsins er notið.“

Af öllu er þó ljóst að Cal Dennison hefur brennandi áhuga á fagi sínu. „Vín hafa verið framleidd í yfir fimm þúsund ár og við erum enn að prófa okkur áfram,“ segir hann

uppnúminn. Hann segir svo margt eftir að gera í framleiðslunni tengt nýbreytni og hugmyndaríkri framleiðslu. „Af samstarfsfólki mínu ætlast ég til að það sýni ástríðu, dugnað og áhuga á að framleiða sífellt framúrskarandi vín. Um leið er ég nýjungagjarn og vil sjá stöðugar framfarir í framleiðsluferlinu.“

Í fyrirlestrinum á föstudag fór Cal Dennison yfir helstu þætti framleiðslunnar, en sagði galdurinn í því að búa til framúrskarandi vín fólgin í því að huga að smáatriðunum. „Allt verður að vera 100 prósent,“ segir hann og kveður óhemju áherslu lagða á gæði framleiðslunnar og ferlisins alls hjá Gallo. „Víngerðarmaður þarf til dæmis stöðugt að vera á vékrunni til að fylgjast með þroska vínberjanna. Þar skiptir máli bragð, litur og áferð. Maður verður alltaf að vera að bragða á berjunum. Svo spýtir maður þeim á jörðina og skoðar hvernig liturinn rennur til í hrákanum,“ segir hann og hlær. „Einhvern tímann heyrði ég sagt að það allra mikilvægasta sem víngerðarmaður getur látið eftir sig á vékrunni væru eigin fótspor.“



SMAKKAÐ Á VÍNINU Ernest Gallo, sem stofnaði bandaríska vínfyrirtækið Gallo árið 1933, lést fyrir stuttu tæplega 98 ára að aldri.

Stofnandinn var í vinnunni fram á síðasta dag

Ernest Gallo, annar af tveimur stofnendum bandaríska vínfyrirtækisins Gallo, lést í bænum Modesto í Kaliforníu í byrjun mánaðarins, rétt tæplega 98 ára að aldri. Sonur hans rekur fyrirtækið í dag, en gamli maðurinn var viðloðandi reksturinn allt fram á seinasta dag.

Hann hafði haft þann sið, þrátt fyrir að hafa látið af stjórninni fyrir allnokkru, að mæta daglega og spjalla við starfsfólk fara yfir áætlanir, huga að framleiðslunni og annað slíkt.

Ernest stofnaði fyrirtækið ásamt Julio bróður sínum, í kjölfar þess að vínbanni var aflétt í Bandaríkjunum árið 1933, með tæplega sex þúsund dali í vasanum og alla sína þekkingu á víngerð frá ítalskættuðum foreldrum sínum.

Bræðurnir uppskáru vel enda skilaði fyrirtæki þeirra 30.000 dala hagnaði eftir fyrsta árið. Gallo-bræðurnir nýttu hagnaðinn til stækkunar fyrirtækisins, meðal annars með kaupum á fleiri vékrum auk þess sem þeir juku framleiðsluna til muna og stækkuðu vöruhús sitt.

Fyrirtækið varð brátt eitt af stærstu vínframleiðendum í heimi en áætlað er að á ári hverju seljist um 75 milljón flöskur undir merkjum Gallo.

Þrátt fyrir velgengnina héldu þeir Gallo-bræður sig til hlés. Breska ríkisútvarpið hafði eftir nánnum samstarfsmönnum þeirra að ástæðan fyrir því væri hvernig fór fyrir foreldrum þeirra bræðra. Faðir þeirra myrta móður þeirra og framdi sjálfsmorð að því loknu. Atburðurinn átti sér stað í júnímánuði árið 1933. Bræðurnir stofnuðu Gallo-fyrirtækið tveimur mánuðum síðar.

- jab/óká

aliforníu í
mleiðenda.

ÁTTUNDI ÁRATUGURINN

Einkunnarorð Gallo um virðingu fyrir náttúrunni í framleiðslu, um leið og nýjasta tækni sé nýtt til að tryggja gæði, eru kynnt til sögunnar.

Ernest og Julio, stofnendur Gallo, birtast á forsíðu TIME árið 1972.

Fjölskyldan tekur að kaupa ekrur í Sonoma County og enn er bætt við framleiðslulínum.

NÍUNDI ÁRATUGURINN

Seinni „vínbylgjan“ gengur yfir Kaliforníu.

Gallo Chardonnay fer í dreifingu árið 1981 og við bætist Cabernet Sauvignon árið 1982.

Árið 1981 opnar Gallo alþjóðaskrifstofu í Kanada.

Árið 1983 opnar Gallo skrifstofu í Lundúnum.

Sama ár tekur Gallo að merkja vín sín með framleiðsluári.

TÍUNDI ÁRATUGURINN

Ný kynslóð víngerðarmanna Gallo heldur uppi merki fjölskyldunnar.

Árið 1993 koma á markað fyrstu Gallo Estate vínin.

Vín frá Gallo vín eru seld í meira en hundrað löndum.

NÝ ÖLD

Víngerð Gallo nýtur alþjóðaviðurkenningar fyrir umhverfisstefnu sína.

Teymi víngerðarmanna í Heraldsburg og Livingston koma á umbótum hvarvetna í framleiðsluferli Gallo.

„Prufuframleiðslustöðvar“ eru stofnsettar og búa til ótal víngerðir á ári hverju til að prófa ólíkar framleiðsluáferðir.

Heildstæð lína borðvína með vínunum frá bæði Sonoma County og Kaliforníuvínunum er kynnt til sögunnar undir merkinu Gallo Family Vineyards.

STARFSMANNAMÁL

Leiðindi eða áskorun við vinnu?

„Hamingja í lífi og starfi“ (The Art of Happiness at Work) heitir bók sem JPV útgáfa gaf út árið 2006 í þýðingu Ísaks Harðarsonar. Bókin er skrifuð af Dr. Howard C. Cutler í samstarfi við Dalai Lama, einn fremsta andlega leiðtoga og handhafa friðarverðlauna nóbels. Í bókinni er leitað svara við því hvernig best er að finna hamingju á þeim stað sem við eyðum mestum tíma á þ.e. – í vinnunni. Einn þáttur í því ferli er að reyna að greina á milli leiðinda og áskorana við vinnu og reyna að vera sátt við lífið og vinnuna þrátt fyrir tilbreytinga-

lausa vinnu eða mikið álag og mikla ábyrgð.

Lama segir að mikilvægt sé í því sambandi að gera sér grein fyrir að kröfur eru mikilvægar þáttur í lífi okkar, aðalatriðið er að við reynum að breyta þeim kröfum sem við fáum í lífinu í tækifæri, tækifæri til að þroskast blómstra og öðlast meiri ánægju og hamingju.

Sjálfsþekking er mikilvæg og Lama telur að fólk eigi að leita að sérkostum í eigin fari, fá óbrennlaða mynd af sjálfu sér og sínum eiginleikum og síðan þurfi að velja sér starf með hliðsjón af

því hvort hægt sé að nýta þessa eiginleika til fulls á hverjum degi. Lama segir að ef fólk geri sér grein fyrir sérkostum í eigin fari og jákvæðum eiginleikum sínum geti það leitt til meiri ánægju í daglegu starfi.

Öll þurfum við að vinna fyrir okkur á einhvern hátt og Lama segir að eðlilegt sé og algengt að starfsfólk líti á laun sín sem mælikvarða á hversu mikils það sé metið af vinnuveitenda. Launin hafa líka áhrif á sjálfsmat hvers og eins og vissulega vinni margir einungis fyrir lífibrauði fjölskyldunnar og eigi lítinn afgang. Lama telur slíka vinnu vera göfuga og bendir á að fólk sem ekki er ánægt með sín laun og vinnu

ætti að hugsa til þess að það sé að minnsta kosti að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins með sínu framlagi. Sumir vinna einungis til þess að safna fjármagni, ekki til þess að kaupa hluti heldur til þess að öðlast völd og sumir tapa bæði völdum og virðingu ef þeir tapa peningum sínum, aðallega vegna þess að þeir gleymdu að njóta starfsins og annarra í kringum sig á meðan veraldlegum auði var safnað.

Vinna og sjálfsmynd eru samtengd hjá mörgum og margir finna fyrir tilgangssleysi þegar þeir missa vinnuna eða fara á eftirlaun. Lama segir að mikilvægt sé að huga að því þegar leitað sé að vinnu að velja þá vinnu sem

gefur „færi á að nýta sköpunargáfunu að einhverju marki og að verja tíma með fjölskyldunni. Jafnvel þótt launin kunni að vera lægri þá hygg ég að betra sé að velja starf sem krefst minna af manni, veitir meira frelsi, meiri tíma með fjölskyldunni eða til annarra athafna eins og bóklesturs, þátttöku í menningarviðburðum eða einfaldlega til að njóta lífsins,“ segir nóbelsverðlaunahafinn Dalai Lama.

Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun.



SPÁKAUPMAÐURINN

Þægindi á sporgöngu

Maður getur huggað sig við það að kuldinn þessa dagana teygir sig langt suður eftir Evrópu. Við erum merkileg mannskepnan og þegar kuldinn nístir þá er stutt í að hugga sig við að aðrir hafi það álíka skítt.

Ég hef markvisst reynt að vinna gegn þeirri áráttu að taka viðmið mín frá öðrum. Mér hefur tekist það sæmilega enda þótt ég finni stöku sinnum fyrir kenndum eins og öfund og þórðargleði. Það tekur tíma að útrýma þeirri ranghugmynd að velgengi eins sé á minn kostnað.

Sem part af þessari markvissu sjálfskoðun minni hef ég reynt að taka þátt í velgengni annarra. Með því einfaldlega að njóta hennar sjálfur. Þetta er skynsamleg stefnumörkun. Lógíkin er einföld. Maður byrjar á að velja þá sem manni finnst klárastir á markaði. Þeir eru nokkrir hér á landi sem betur fer. Trikkið er svo að kaupa eitt-hvað í félögum þeirra. Vegna þess að fleiri en ég sjá að þetta er klárt lið, þá myndast yfirleitt yfirverð á félögunum. Mér er frekar illa við yfirverð. Þetta klára lið hefur þann kost að vera svakalega vinnusamt líka. Þeir sitja því með sínu fólki og pæla sig rænulausa, leita tækifæra og greina þau. Svo er lagt í hann og byrjað að kaupa í félögum. Þá fer ég af stað og kaupi líka. Kannski á aðeins hærra verði en þeir, en það munar ekki neinu þegar horft er til þess að þeir hafa fjárfest gríðarlega í greiningunni, meðan ég lá upp í sófa og las skáldsögu.

Verandi mikill tónlistarunnandi, þá skiptir hljómburður í græjum mig máli. Ég á frænda sem er græjufíkill. Þegar hann keypti sínar græjur, þá lá hann yfir fagtimaritum og fór inn á spjallþræði græjufíkla, þangað til hann fann græjurnar sem gáfu besta hljóminn miðað við verð. Ég fylgdist með þessu úr fjarlægð og keypti síðan eins græjur og hann. Ég er alsæll með kaupin og hljóminn.

Svona á maður líka að hugsa í fjárfestingum. Þeir sem fremstir fara blotna í fætturna, en við sporgöngumenn göngum þurrum fótum. Þess vegna sit ég nú og kætist yfir því að Kaupþing sé komið með heimild til að eignast meira í Storebrand. Ætli þeir muni ekki á endanum kaupa bréfin mín líka. Þeir keyptu af mér Singer-bréfin og bréfin í JP Nordiska. Bakkavör keypti af mér bréf í Geest og svo mætti lengi telja. Þannig get ég tekið fullan þátt í gleði annarra og notið ávaxtanna dyggðum þryddur.

Spákaupmaðurinn á horninu

ÁRÆÐI

Samstarf okkar við viðskiptavini snýst um að ná árangri. Í þeirri vinnu sýnum við frumkvæði, áræði, snerpu og traust. Við erum Icebank.

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi fyrir innlend sem erlend fjármálfyrirtæki, fagfjárfesta og aðra stærri aðila.

 www.icebank.is

NÚ ER ÞAÐ MÍLA SEM LEGGUR LÍNURNAR

Míla ehf. er nýtt fyrirtæki í eigu Skipta hf. sem stofnað var um rekstur fjarskiptanets Símans. Undir merkjum Mílu er starfræktur fjarskiptaþjófvegur sem samanstendur af fullkomnu kopar-, ljósleiðara- og örbylgjukerfi sem nær um allt land. Míla veitir fyrirtækjum með fjarskiptaleyfi þjónustu sína.

Míla leggur grunn að flestum háhraða fjarskiptum á Íslandi og er framtíðarsýn fyrirtækisins að vera mikilsmetinn viðskiptafélagi á þeim vettvangi. Fjarskiptaþjófvegur Mílu er burðarlag fyrir talsíma, GSM síma, háhraða gagnaflutninga, sjónvarp og útvarp. Míla sérhæfir sig jafnframt í rekstri og ráðgjöf vegna fjarskipta, aðstöðuleigu og þjónustu við dreifikerfi.



Miðja viðskiptalífsins verður í Shanghai

Hópur MBA-nema frá Háskóla Íslands var í Kína í síðustu viku og heimsótti fjölda fyrirtækja og þar á meðal þrjú íslensk í Shanghai.

MBA-hópurinn undir forystu prófessoranna Ingjalds Hannibalssonar og Runólfs Smára Steingrímssonar heimsótti fjórar borgir í Kína, höfuðborgina Peking, iðnaðarborgina Baoding, hafnarborgina Ningbo og síðast en ekki síst skýjaklúfaborgina Shanghai, þar sem nýir turnar skjótast upp með undraverðum hraða og frumstæður landbúnaður hefur orðið að víkja fyrir alþjóðlegum fyrirtækjum og kínverskum. Í ferðinni naut hópurinn fyrirgreiðslu og gestrisni Gunnars Snorra Gunnarssonar sendiherra og starfslíðs hans.

„Tilgangur svona ferðar er að gefa nemendum tækifæri til að sjá fyrirtæki í framandi landi – landi þar sem er mikið að gerast, þar sem hagvöxtur er mikill og þar sem mikið er um erlenda fjárfestingu,“ sagði Runólfur Smári Steingrímsson, prófessor og forstöðumaður MBA-námsins í HÍ, í viðtali við Markaðinn undir lok ferðarinnar. „Þarna fá nemendur að upplifa stjórnendur í þessum fyrirtækjum og sjá það sem er að gerast.“ Hann sagði enn fremur:

„Þetta víkkar sjóndeildarhringinn og ég er ekki í vafa um það að ferð eins og þessi kemur þeim að notum nú á lokaspretti námsins. Þau fá nýjar hugmyndir

fyrir lokaverkefni sem eru nú á næstunni og ferðin hjálpar til við námið og skiptir miklu.“

LEIKSVÆÐIÐ ER HEIMURINN ALLUR

Þetta er í annað skiptið sem MBA-nemar frá HÍ fara í fræðslu og kynnisferð til Kína, en áður hafa þeir farið til Japans, Indónesíu og Malasíu í Asíu.

Ingjaldur Hannibalsson prófessor var aðalfararstjóri í ferðinni í síðustu viku.

„Svona ferðir víkka sjóndeildarhringinn og sannfæra nemendur um það að þeirra leiksvæði er heimurinn allur. Það er ekki bara Ísland, Evrópa, og Norður-Ameríka – það er allur heimurinn. Ég er alveg viss um að mörg í þessum hópi eiga eftir að eiga viðskipti við Asíu, hvernig svo sem formið á viðskiptunum verður. Þau eru búin að sjá það í þessari ferð að þetta er mögulegt og alls ekki svo fjarlæggt. Ég held því að ferðir eins og þessar hafi veruleg áhrif á hugarfarið, og það skiptir mestu máli að minnka heiminn í hugum nemendanna.“

Fyrir ári var sviðuð ferð farin, en nú heimsótti hópurinn þrjú íslensk fyrirtæki sem ekki voru með skrifstofur í Shanghai í fyrra. Þetta er tölvuleikjafyrirtækið CCP og útibú Össurar og Glitnis.

„Ég er sannfærður um það að að ári liðnu verða þau kannski



Á KÍNAMÚRNUM Á milli þess sem MBA-hópurinn frá HÍ og fylgdarlið hlustaði á fyrirlestra og heimsótti fyrirtæki, skoðaði hópurinn helstu merkisstaði á viðkomustöðum í ferðinni. Hér er hópurinn á Kínamúrnum og sumir búnir að fjárfesta í loðhúfum.

orðin sex,“ segir Ingjaldur. „Það er alveg ljóst að íslensk fyrirtæki hafa mjög mikinn áhuga á Kínamarkaðnum og ég held í raun og veru að fyrirtæki sem vilja starfa á alþjóðlegum markaði hafi ekki efni á að horfa fram hjá Kína, þau verða að vera þar. Þau verða að miða sína stefnu við það að miðja viðskiptalífsins er að flytj-

ast frá Atlantshafinu til Kyrrahafs og miðjan verður í Kína og þar er miðjan Shanghai.“

KÍNVERJAR KAUPA VESTRÆN FYRIRTÆKI

Eitt þeirra fyrirtækja sem MBA-hópurinn heimsótti var Lenovo í Peking. Það er fyrirtækið sem keypti smátölvudeild IBM

í Bandaríkjunum á sínum tíma og vakti mikla athygli. Meðan á Kínadvölinni stóð var tilkynnt að Kínverjar væru að kaupa bresku MG-bílaverksmiðjurnar og ætluðu að hefja framleiðslu á hinum þekktu gömlu MG-bílum í Kína.

Hvernig sér Runólfur Smári Steingrímsson prófessor þessa þróun fyrir sér?

Morgunverðarfundur um Cognos á Hótel Nordica 22. mars 2007

COGNOS®

NÁÐU BETRI ÁRANGRI MEÐ COGNOS

Kynning á frammistöðugreiningu í Cognos

DAGSKRÁ

8:30 til 8:40 Skráning og morgunverður

8:40 til 8:45 Setning
Guðmundur Stefán Jónsson,
viðskiptastjóri Cognos

8:45 til 9:45 **Náðu betri árangri með Cognos**
Fjallað verður um greiningarhluta frammistöðustjórnunar í Cognos og gagnaflæði milli Cognos eininga. Skoðað verður hvernig stjórnendur geta nýtt sér tæki eins og stefnumiðað árangursmat í Cognos til að fylgjast með árangri fyrirtækisins.
Ragnhildur Konráðsdóttir, Cognos ráðgjafi, HugarAx

9:45 til 10:00 Fyrirspurnir

Ein morgunfundur gefur fyrirheit um framfarir í þínu fyrirtæki.

Ekki láta tækifærið renna þér úr greipum.
Skráðu þig í dag á www.hugurax.is/cognos.

HUGUR / AX

capacent

annata

Calidris

HugurAx

Guðríðarstíg 2-4

113 Reykjavík

Sími 545 1000

www.hugurax.is

hugurax@hugurax.is

„Ég er ekki í vafa um það að bæði stjórnáamenn og forsvarsmenn fyrirtækja á Vesturlöndum fylgjast vel með því sem er að gerast í Kína og mörg fyrirtæki eru að fara yfir til Kína til að fá ný tækifæri og nýta sér vinnuafli sem kostar minna. Um leið þá held ég að fyrirtæki á Vesturlöndum séu að svara með öðrum hætti, og þá á ég við að ég tel ekki að þau séu að tapa í samkeppninni, heldur að hún breytist.“

KÍNVERJA VANTAR VÖRUMERKI

Efnahagsvöxturinn í Kína er ævintýrlegur og það á ekki síst við um Shanghai sem gefur vel af sér í þjóðarbúið þar í landi.

En hvernig sér Ingjaldur þróunina fyrir sér:

„Kínverjar eiga eftir að kaupa mörg vestræn fyrirtæki, og þeir fjárfesta mikið erlendis. Þeir fjármagna fjárlagahalla Bandaríkjanna. Þegar maður horfir á það sem er að gerast, þá er það að verulegu leyti vegna starfsemi erlendra fyrirtækja. Útflutningurinn frá Kína er að verulegu leyti vegna útflutnings dótturfyrirtækja evrópskra og bandarískra fyrirtækja sem hafa ákveðið að flytja sína starfsemi til Kína. Þannig að þau eru að bæta sína samkeppnisstöðu á sínum heimamörkuðum með því að stofna útibú, og nýta sér þá möguleika sem Kína býður upp á. Það er líka athyglisvert að það er offramboð á vel menntuðu fólki í Kína, þannig að þarna er ekki einungis um að ræða aðgang að ódýru ómenntuðu vinnuafli. Þarna er möguleiki á að fá menntað vinnuafli á hagstæðu verði og það er t.d. það sem Össur er að gera í Kína. Þeir eru ekki að leita eftir því ódýrasta heldur að byggja þarna upp háteknihóp með mjög vel menntuðum Kínverjum sem eiga að vera í fararbroddi fyrir þróun þeirra á næstu árum. Kína er því allt öðruvísi en mörg lönd sem hafa verið að laða til sín erlend fyrirtæki einungis vegna lítills tilkostnaðar,“ segir Ingjaldur og bætir síðan við:

„Kínverjarnir verða að fá vörumerki. Vandi þeirra er að þeir hafa ekki virt höfundarétt mjög mikils og gert sér grein fyrir því að ef þeir eiga að fá hátt verð fyrir sínar vörur á vestrænum mörkuðum, þá verða þeir að eiga vörumerki. Þeir eru núna þess vegna byrjaðir að kaupa upp vörumerki, þannig að þeirra afurðir „Made in China“ eða „Designed in China“ eða hvernig sem þeir merkja vörur sínar, séu þannig á markaðnum að neytendur séu tilbúnir að borga hærra verð.“

- kj



DISTICA

– markviss dreifing –



Distica sérhæfir sig í dreifingu á lyfjum, heilsuvörum og vörum fyrir heilbrigðisþjónustur og rannsóknarstofur



Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 412 7500, www.distica.is

Staðgreiðsla skatta – einfalt mál!

NÝTT

Nú geta fyrirtæki skilað staðgreiðslu skatta beint til RSK í gegnum fyrirtækjbanka SPRON og sparað sér tíma og fyrirhöfn.

Kynntu þér málið á spron.is

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is





Viðskiptahúsið
FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÓTVEGUR

Verktakastarfsemi

Höfum til sölumeðferðar sérhæft og rótgróið verktakafyrirtæki á sviði veg- og gatnaframkvæmda. Góður vélakostnaður og góð verkefnastaða. Mikil og stór verkefni framundan samkvæmt vegáætlun.

Jafnframt leitum við fyrir áhugasama aðila að ýmsum þjónustufyrirtækjum er snúa að almennri verktakastarfsemi.

Áhugasamir hafið samband við:
Hörð Hauksson Gsm: 896 5486 • Atla Viðar Jónsson Gsm: 898 2533 og Gísla Bogason Gsm: 863 0509

Fyrirtækjasvið Viðskiptahússins annast:

- Kaup og sölu fyrirtækja eða rekstrareininga og samrunaferli.
- Kaup og sölu á fasteignum þeim tengdum og byggingalóðum fyrir atvinnuhúsnæði, landareignum og bújörðum.
- Fjármögnun verkefna.


Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • www.viðskiptahusid.is

Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT



PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR



Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum	ávöxtun í evrum	ávöxtun í dollurum	ávöxtun í pundum
15,8%*	5,4%*	8,5%*	7,1%*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000.

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/01/07-28/02/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.



Tækifærin eru á Balkanskaga

Gjorgji Dzolev kom til Íslands árið 2000 til þess að spila körfubolta fyrir Snæfell í Stykkishólmi. Hann staldraði ekki lengi við hér í fyrsta sinn, eða í fjóra mánuði. Hann sneri aftur til Skopje, höfuðborgar Makedóníu, þar sem hans beið góð staða hjá Anderson sem á þeim tíma var meðal fimm stærstu ráðgjafafyrirtækja heims. Gjorgji var því við störf hjá Anderson þegar Enron-hneykslið mikla reið yfir. Eins og margir muna var Anderson endurskoðandi Enron. Skemmst er frá því að segja að fyrirtækið missti langflesta viðskiptavinum sína í kjölfar hneykslins og er nú einungis til á pappírnum.

Á Íslandi hafði Gjorgji eignast íslenska kærustu. Hann ákvað því að snúa aftur til Íslands og spila áfram íslensku körfunni. Árið 2004 hóf hann meistaranám í fjármálum við Háskóla Íslands. Þá voru körfubolta-skórnir lagðir á hilluna í bili. Námið fór fram á íslensku sem skiljanlega var nokkuð krefjandi þar sem Gjorgji talaði ekki málið þegar hann hóf nám. Hann gerði sér lítið fyrir og lærði íslensku samhliða náminu. Sennilega er hann mikill málamaður. Hann talar rússnesku, serbnesku og ensku reiprennandi, auk móðurmáls síns, makedónísku. Þá

heldur hann því fram að auðvelt sé að læra íslensku.

BINDUR VONIR VIÐ RÍKIS-STJÓRNINA

Gjorgji hefur nú nýlengi náminu við Háskóla Íslands. Hann hefur ekki í hyggju að flytja heim til Makedóníu strax, þótt upp úr sambandinu við íslensku kærustuna hafi slitnað. Hann telur atvinnumöguleika sína hér á landi góða. Raunar er hann nærri því að landa spennandi starfi þar sem hann mun eiga í töluverðum samskiptum við heimaland sitt.

Erlendar fjárfestingar í Makedóníu eru af skornum skammti enn sem komið er. Vandinn liggur, að mati Gjorgjis, í því að margir treysta sér ekki til fjárfestinga þar af ótta við pólitískan óstöðugleika. Hann bindur miklar vonir við núverandi ríkisstjórn sem hann segir mjög framsækna. Hún hafi einungis verið við völd í átta mánuði og því enn ekki látið ljós sitt skína að fullu. Forsætisráðherra ríkisstjórnarinnar, Nicola Gruevski, var fjármálaráðherra fyrir nokkrum árum. Á meðan hann gegndi því embætti gerði hann meðal annars róttækar breytingar á skattkerfinu. Þær segir Gjorgji hafa komið sér vel fyrir efnahag landsins. „Ég er sannfærður um að Gruevski sé rétti maðurinn til að láta hjólin fara að rúlla,“ segir hann. Forsætisráð-

MAKEDÓNÍA

Mannfjöldi: 2,08 milljónir
Hagvöxtur: 4 prósent
Verðbólga: 0,5 prósent
Gjaldmiðill: Makedónískur dínar
Heimild: Heimasíða Alþjóðabankans.
Tölur miðast við árið 2005.

FRÓÐLEIKSMOLAR

Í Makedóníu ...

... fara allir, ungir sem alnir, á grímudansleik þann 1. apríl. Fólki keppist um að gera búninga sína eins sérstaka og mögulegt er.

... dregur borgin Ohrid að fjölmarga ferðamenn á ári hverju. Meðal annars eru það kirkjurnar 365 á við og dreif um borgina sem vekja áhuga.

... heitir þjóðarrétturinn „Ajvar“ og er nokkurs konar paprikusalat. Þess má geta að slíkt salat er til sölu í Blómavali.

meðal annars róttækar breytingar á skattkerfinu. Þær segir Gjorgji hafa komið sér vel fyrir efnahag landsins. „Ég er sannfærður um að Gruevski sé rétti maðurinn til að láta hjólin fara að rúlla,“ segir hann. Forsætisráð-

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



GJORGJI DZOLEV FRÁ MAKEDÓNÍU
Gjorgji trúir því að þeir sem fjárfesti í Makedóníu í dag muni uppskera ríkulega í framtíðinni.

MARKAÐURINN / HEIÐA

herrann og ríkisstjórn hans eiga verðugt verkefni fyrir höndum. Opinberar tölur sýna að hvergi í Evrópu er atvinnuleysi meira. Það mælist 37 prósent en töluverður fjöldi fólks vinnur svarta vinnu, sem er annað þjóðfélagsmeín sem ríkisstjórnin þarf að vinna á.

GRÍÐARLEG SPURN EFTIR FJÁRFESTUM

Makedónía tilheyrir Balkanskaganum og liggur á milli Grikklands, Búlgaríu, Albaníu og Serbíu. Líkur eru á að Makedónía verði hluti af Nato árið 2008. Þá er allt kapp lagt á að landið fái aðild að Evrópusambandinu. Þótt samningaviðræður séu ekki hafnar má gera ráð fyrir því að það verði innan næstu tíu ára. „Þetta mun hafa í för með sér mörg verkefni til að styrkja innviði landsins, eins og vegakerfið. Þess vegna held ég að þeir sem verða fyrir á markaðnum muni uppskera ríkulega,“ segir Gjorgji. „Það eru ekki mörg lönd eftir í Evrópu sem hægt er að fjárfesta í með eins miklum hagnaði eins og á þessu svæði. Fyrir tíu árum gátu fjárfestar tekið út gríðarlegan hagnað með fjárfestingum í Eystrasaltlöndunum. Það er ekki lengur svoleiðis enda er markaðurinn að mettast. Núna leynast tækifærin á Balkanskaganum.“

Makedóníska ríkisstjórnin hefur gert ýmislegt til að laða að erlenda fjárfesta. Meðal annars eru þar nú lægstu skattar á fyrirtæki í Evrópu. Þá fá þau fyrirtæki sem endurfjárfesta í landinu skattinn felldan niður að fullu í einhverjum tilfellum.

Gríðarleg eftirspurn er eftir fjárfestum í Makedóníu. Gjorgji nefnir sem dæmi að mörg verkefni séu sett af stað árlega í byggingariðnaði í Makedóníu. Ídulega skorti fé til að klára þau og því eigi sér oft stað vöruskipti í stað beinnar sölu. Þeir sem hafi efni á að hefja verkefni og ljúka því hafi gríðarlegt forskot. „Hagnaðarhlutfallið er á milli sextíu og hundrað prósent,“ segir Gjorgji. „Það þýðir að ef þú fjárfestir einni milljón í upphafi árs áttu von á að hafa að minnsta kosti tekið inn hálfu milljón í gróða innan ársins. Það er ekki slæm ávöxtun.“

Fallni forstjórinn dæmdur fyrir svik

Takafumi Horie, stofnandi og fyrrverandi forstjóri japanska netfyrirtækisins Livedoor, hlaut tveggja og hálfis árs fangelsisdóm fyrir umfangsmikil bókhaldssvik í Japan á föstudag. Réttarhöld í máli hans hafa staðið yfir í hálf tveggja ára en ríkissaksóknari fór fram á fjögurra ára dóm. Dóminum var áfrýjað um helgina og hefur Horie verið látinn laus gegn tryggingu upp á jafnvirði tæpra 289 milljóna króna.

Mál Hories komst í hámmáli í byrjun síðasta árs þegar upp komst að fjármálayfirvöld væru með Livedoor til rannsóknar vegna bókhaldssvika. Fjölmarginir fjárfestar losuðu sig við bréf sín í félaginu á skömmum tíma með þeim afleiðingum að mikið álag varð á kauphöllina í Tókýó sem réð ekki við

viðskiptin og var afráðið að loka henni fyrr en venjulega.

Á meðal þess sem Horie var dæmdur fyrir var að falska afkomutölur til að láta sem fyrirtækið, sem var mikið að vöxtum, hefði skilað hagnaði að jafnvirði 2,9 milljarða króna þegar raunin var sú að tapreksturinn nam jafnvirði 178 milljónum króna. Dómari í málinu segir Horie hafa stofnað fjölmarga sjóði með það fyrir augum að blekkja hluthafa Livedoor.

Horie hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu og sagði síðast í sjónvarpsviðtali um helgina að sök hafi verið komið á sig. - jab

FALLNI FORSTJÓRINN Takafumi Horie er hann kom til héraðsdómsins í Tókýó í Japan í gær, FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Með tölvupóstinn í vasanum

Hjá Hugbúnaðarsviði Hátækni getur þú fengið tölvupóst, dagbók, tengiliði og fleiri tölvugögn í farsíma.

Hugbúnaðarsvið styður margskonar lausnir sem miðla tölvupósti í farsíma. Það skiptir ekki máli hvernig póstupsetningu þú ert með, við veitum þér lausn sem virkar.

Okkar lausnir henta stórum og smáum fyrirtækjum, einrykjum og öðrum sem vilja fá tölvupóst í símann sinn.



Tölvupóstur Tölvupósturinn kemur í símann um leið og hann berst í innboxið þitt. Mikilvægir tölvupóstar bíða ekki þótt þú sért ekki við tölvuna.



Tengiliðir Þú hefur allar upplýsingar um tengiliðina þína í símanum. Þú þarft ekki að taka sérstakt afrit af símaskrá símans.



Dagbók Þú hefur aðgang að dagbókinni þinni hvar og hvenær sem er og hefur því dagskrána alltaf á hreinu.



Windows Hugbúnaðarsvið styður Windows Mobile.



Symbian Hugbúnaðarsvið styður Symbian stýrikerfi.



Excel Þú getur opnað og unnið í Excel skjölum í farsímanum.



Word Það getur komið sér vel að geta opnað og unnið í Word skjölum í farsímanum.

Hugbúnaðarsvið býður að auki margskonar aukahugbúnað í farsíma. Vertu í MSN sambandi með símanum þínum eða fáðu þér korta- og leiðsöguforrit og láttu símann vísa þér veginn. Mörg önnur snjöll forrit eru einnig í boði hjá Hugbúnaðarsviði.

Hafðu samband við Hugbúnaðarsvið Hátækni í síma 522 3000 eða með tölvupósti á netfangið hugbunadarsvid@hataekni.is. Þú færð nánari upplýsingar á www.hataekni.is/hugbunadarsvid.

Hátækni
Hugbúnaðarsvið

SJÁLFSÖGÐ SÍTENING

BANKHÓLFID



Sælir eru kynbættir

Kyngreint sæði hefur óveruleg áhrif á framleiðslutengda þætti á kúabúum en hinn fjárhagslegi ávinningur kemur að mestu fram í auknum erfðaframtörum. Þetta er á meðal þess sem doktorsnemi sagði í erindi á ársfundi danskra kúabænda á dögnum um kyngreint sæði og efnahagslega þýðingu þess.

Landssamband íslenskra kúabænda reifaði erindið í gær. Að ókostum ónefndum eru kostirnir þeir að burðarerfiðleikar hjá fyrsta kálfs kvígum minnkar þar sem hægt er að velja á þær naut sem gefur af sér smávaxna kálfa. Auk góðra áhrifa á dýrin hefur þetta ekki síður jákvæð áhrif á andlega líðan bænda, sem er ekki síður mikilvægt en fjárhagslegir þættir, að sögn Landssambandsins.

Kosningasigur FL Goup

FL Group á í mesta basli með hlutinn í Finnair, en finnska ríkið vill ekkert af þessum næststærsta hluthafa vita. Sigur hægrianna í Finnlandi kann að opna nýja möguleika, enda einkavæðing á dagskrá hægri flokka. Það kann þó að vera að tregðulögmál lifi enn. Samanber þau orð sem uppi voru þegar Hannes Smárason eignaðist Flugleiðir, en þá var talað um að því fylgdi mikil ábyrgð að taka að sér, eins og það var orðað, jafn stóran hlut í samgöngufyrirtækinu. Hannes komst ágætlega frá fóstrinu og er örugglega undir það búinn að ala upp finnskt tökubarn í greininni. Spurningin er hvort fjöregg Finna verður falt.

Borið í Bakka-vararlækinn

Einhverjir hafa rekið augun í það að lífeyrissjóðirnir hafa verið að auka hlut sinn í Bakkavör. Lífeyrissjóðir eru fyrir býsna áberandi í hluthafahópi fyrirtækisins og hafa fylgst vel með því um árin. Frá sjónarhóli eignadreifingar og sjóðsstýringar er því ekkert sem knýr á um frekari kaup. Þá stendur bara eftir sú skýring að menn telji félagið á góðu verði þessa dagana og að fjárfestingin muni skila sér þegar fleiri sjá ljósið.

2.678 milljóna króna hagnaður Byrs, sameindaðs sparisjóðs SPV og SPH, í fyrra.

24 starfsmenn hjá Kaupþingi sem bera nafnið Helga.

1.316 milljóna króna hagnaður MP fjárfestingabanka á síðasta ári og tvöföldun milli ára.

Lotusphere® kemur til þín

Ráðstefna í Smárabíó 22. mars 2007



Lotus software

Kynntu þér það nýjasta í hugbúnaðarlausnum IBM

- 12.30 **Skráning þátttakenda**
 - 13.10 **Updates and news about IBM's Lotus Software Strategy**
Hvernig verður framtíðin með IBM á sviði samvinnu, samskipta og framleiðni með Lotus Domino, IBM Workplace og öðrum spennandi nýjungum?
Fyrirlesari: Steve Zehavi, Lotus SMB & Channel Sales Executive, North-East Europe
 - 13.40 **IBM Websphere Portal Express**
Leiðandi portal lausn, fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, sem tengir saman alla starfsemi fyrirtækisins.
Fyrirlesari: Uffe Hjorth, Advisory IT-Specialist, Portal and Lotus Collaboration Software
 - 14.20 **Kaffihlé**
 - 14.40 **IBM Lotus Quickr**
Hugbúnaður sem umbreytir möguleikum starfsmanna til að miðla upplýsingum í daglegum störfum.
Fyrirlesari: Mona Hákanesson, Advisory IT-Specialist, e-learning and Lotus Collaboration Software
 - 15.00 **What is new in IBM Lotus Notes version 8?**
IBM Lotus Notes and Domino release 8 inniheldur byltingarkenndar nýjungar, m.a. samþættingu við Open Source hugbúnað. Ekki missa af tækifærinu til að sjá sýnishorn af þessari nýju útgáfu.
Fyrirlesari: Bo Falkenberg, Lotus specialist
 - 15.50 **Léttar veitingar**
 - 17.00 **Ráðstefnuslit**
- Upplýsingar og skráning**
Nánari upplýsingar veita samstarfsaðilar IBM. Nýherji, FOCAL og Hugvit
Ráðstefnan er opin öllum á meðan húsrúm leyfir. Skráning fer fram á www.ibm.com/events/dk/lcty



Útrás án áhættu!

Um er að ræða nýjan **Hlutabréfareikning**:

- 100% höfuðstólstrygging
- Ávöxtun sem tekur mið af erlendum hlutabréfavitölum:
1/3 Evrópa, 1/3 Austur-Evrópa, 1/3 Kína (Asía)
- 20% þrepavörn



Kynntu þér málið nánar í síma 550 1310, næsta útibúi Spron, Netbankanum eða á www.spronverdbref.is